



SKOÐUN Við okkur blasir ný heimsmynd þegar siglingar hefjast um norðurpólinn, skrifar Elín Hirst. **14**



MENNING Ragnheiður, ný ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson, fær fimm stjörnur. **22**



SPORT ÍBV tekur peninga úr kvennaliði sínu í handbolta til að styrkja karlalíðið. **28**

Salzburg
Beint skiðaflug
Verð frá: **18.900 kr.**
Bókaðu núna á wow.is

WOW MOMENT
Elísa Ósk Gísladóttir, Austurríki

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
21. ágúst 2013
195. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Stærsta sýningin opnuð

Um 600 listamenn taka þátt í Götusýningunni 2013 sem haldin er í telfrni menningarnætur í Reykjavík. Sigurður Sævar Magnússon, sem er 15 ára, er annar tveggja listamanna sem valdir voru til að opna sýninguna í gær. **10**

Bjargaði líffi Sölumaður lífsgaði við sjö ára dreng, sem hætt var kominn þegar í honum stóð, í verslun Flügger á Akureyri í gærmorgun. **2**

Spotify til Íslands Tónlistarveitan Spotify hefur gengið til samstarfs við Símann um þjónustu hér. **6**

„Kaupa, kaupa, kaupa“ Ýmsar uppljóstranir eru í nýttkominni bók um íslenskt viðskiptalíf eftir hrún. **8**

Hrellir ofsótti lögreglumann

Karlmaður hefur verið úrskurðaður í nálgunarbann fyrir að ofsækja lögreglumann, meðal annars á heimili hans. Ofbeldi eykst og ekki er einsdæmi að lögreglumenn séu ofsóttir, segir formaður Landssambands lögreglumanna

LÖGREGLUMÁL Lögreglumaður á höfuðborgarsvæðinu fékk karlmann úrskurðaðan í nálgunarbann í vor vegna ofsókna. Lögreglumaðurinn hafði afskipti af manninum í starfi sínu en viðkomandi var grunaður um lögbrot. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta sinn sem grípa þarf til þessa ráðs til verndar lögreglumanni.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kenndi sá sem fékk nálgunarbannið á sig lögreglumanninum um ófarir sínar. Það vatt upp á sig og endaði með því að maðurinn var farinn að ofsækja lögreglumanninn, bæði á heimili hans og annars staðar.

Málið var litið afar alvarlegum augum af embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Úr varð

að embættið fór fram á nálgunarbann gegn eltihrellinum fyrir hönd lögreglumannsins og var úrskurður þess efnis samþykktur í vor. Sá sem fékk nálgunarbannið á sig kærði ekki úrskurðinn.

„Það er einstaklega erfitt að takast á við svona mál,“ segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, og bætir við að ofbeldi gegn lögreglumönnum hafi aukist undanfarið ár og að sú þróun sé í takt við það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum.

„Það eru til nokkur svipuð dæmi á síðustu árum. Þá erum við að tala um menn sem haga sér eins og eltihrellar,“ segir Snorri. Hann útskýrir að ónæðið sé oft í formi hótana í smáskilaboðum en í verstu tilfellum ógni menn lög-

Hótaði fjölskyldu lögreglukonu

Fréttablaðið greindi frá því síðastliðinn fimmtudag að lögreglan á Eskifirði hefði til rannsóknar mál þar sem karlmaður réðist inn á heimili lögreglukonu og hótaði fjölskyldu hennar lífláti. Konan var við störf þegar atvikið átti sér stað. Maðurinn, sem hafði í hótunum, var ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald og gengur laus.

reglumönnum á heimilum þeirra. Snorri segist ekki muna eftir því að lögreglumaður hafi áður fengið nálgunarbann á einstakling vegna afleiðinga skyldustarfa sinna.

Snorri segir mikilvægt að það sé tekið harðar á atögum gegn lögreglumönnum, ekki aðeins því ofbeldi sem þeir mega þola við handtökur heldur einnig þegar árásir beinast að þeim persónulega vegna skyldustarfa þeirra.

Snorri segir heimild í lögum

til þess að refska mönnum aukalega fyrir að beita lögreglumenn ofbeldi. Snorri segir að sá refsiauki hafi ekki skilað sér í refsisdómum. Dómarar verði að dæma eftir alvarleika þessara mála.

Að sögn Snorra skipta brot gegn valdstjórninni tugum á síðustu árum. Aftur á móti má telja ofsóknir gegn einstaka lögreglumönnum, sem ná út fyrir vinnu þeirra, á fingrum annarrar handar.

-vg



Bolungarvík 12° S 12
Akureyri 13° S 8
Egilsstaðir 16° SV 5
Kirkjubæjarkl. 11° S 5
Reykjavík 13° S 10

RIGNING Í dag verða sunnan 10-18 m/s V-til og rigning en þurr eystra fram eftir degi. Hiti 10-17 stig, hlýjast A-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ



DÆLURNAR DUGDU Sigurður Örn Stefánsson kafari mátti taka á honum stóra sínum á dekkinu á Markúsi ÍS þegar hann var með kranaþil dreginn úr kafi í Flateyrahöfn í gær. Báturinn var kominn á flot um 20 mínútum eftir að byrjað var að dæla. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Markús ÍS kominn á flot: Verður gefinn eða rifinn

SJÁVARÚTVEGUR „Hann flýtur við bryggju og bíður örlaga sinna,“ segir kafarinn Sigurður Örn Stefánsson um bátinn Markús ÍS, sem sókk í Flateyrahöfn í byrjun mánaðar.

Honum var komið á flot í gær og gekk aðgerðin vel, að sögn Sigurðar. Gerð var tilraun til þess í síðustu viku en dætur reyndust ekki nógu öflugar.

Talið er að allar vélar bátsins séu ónýtar og segir Sigurður framtíð þessa rúmlega fimmtíu ára gamla trébáts óljósa. „Ég held að það standi til að gefa einhverjum hann eða þá hreinlega bara að rífa hann.“

-hva



SIGURÐUR ÖRN STEFÁNSSON

FULLNÆGJANDI BÓK

LEYND

www.forlagid.is

Mögulegt er að nota gögn úr gervitunglum til að finna makríl við Ísland: Gervitungl nýtt við makrílveiði

FRÆÐI Nýta má gögn frá gervitunglum til að ákvarða líklega veiðistaði makrils við Ísland. Þetta sýnir rannsókn Kristínar Ágústsdóttur, starfsmanns Náttúrustofu Austurlands og Marsýnar.



„Markmiðið var að afla upplýsinga fyrir mögulegar fiskiveiðispár, sem geta stuðlað að minni orkunotkun fiskiskipa. Tilgátan var sú að fjarkönnunargögn úr gervitunglum væru uppþetta gagnlegra upplýsinga til að ákvarða vænlegar fiskislóðir á Íslandsmiðum,“ segir Kristín.

Niðurstöður Kristínar gefa meðal annars til kynna að makrill sem veiddur er á Íslandsmiðum sé meira háður sjón við fæðuöflun en hingað til hefur verið álitid.

Kristín segir að nú þegar nýti sjómenn við Íslandsstrendur gögn sem þessi og það sé víðar gert við fiskiveiðar. „Það má nefna að svona gögn eru t.d. notuð við túnfiskeiðar við Indland, með eftirtektarverðum árangri,“ segir Kristín.

-shá / sjá síðu 4

miðum sé meira háður sjón við fæðuöflun en hingað til hefur verið álitid.

Kristín segir að nú þegar nýti sjómenn við Íslandsstrendur gögn sem þessi og það sé víðar gert við fiskiveiðar. „Það má nefna að svona gögn eru t.d. notuð við túnfiskeiðar við Indland, með eftirtektarverðum árangri,“ segir Kristín.

-shá / sjá síðu 4

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

Borgarleikhúsblaðið
kemur út á morgun

GÆÐI Á BETRA VERÐI Í DORMA!

C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

Stærð	Verð
2x80x200	kr. 375.800
2x90x200	kr. 399.800
2x90x210	kr. 405.800
2x100x200	kr. 423.800
120x200	kr. 230.900
140x200	kr. 257.900



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds

- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

Gafl seldur sér



FLORIDA hornsófi 2H2

Stærð: 252x252 cm



Vinsælu FLORIDA sófarnir eru til í ótal útfærslum. KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Verð aðeins kr. 259.900

PARIS tungusófi



Verð aðeins kr. 245.900



Stærð 308 x 153/90 cm. Slitsterkt svart áklæði. Tunga getur verið beggja vegna.

NATURE'S SHAPE heilsurúm



Stærð cm.	Dormaverð
90x200	89.900
100x200	101.900
120x200	115.900
140x200	136.900
160x200	153.900
180x200	171.900

Gafl seldur sér

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum

- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing

- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

Shape-heilsukoddar

Shape heilsukoddarnir veita þér réttan stuðning og þægindi sem tryggja þér betri nætursvefn.



Shape Original kr. 6.230



Shape Classic kr. 5.900



Shape Comfort kr. 5.900

Þægilegi CLASSIC sófinn í mörgum litum!



DORMA



Verð aðeins kr. 149.900

Særð: 200x90 Hæð: 100 cm.

Lilla-rauður, appelsínugulur, lime-grænn, turkis-blár og dökkgrár. Einnig til CLASSIC hægindastóll. Verð kr. 99.900. Litir: Lilla-rauður og turkis-blár.



DORMA er einnig í HÚSGAGNAHÖLLINNI Dalsbraut 1 á Akureyri og í Reykjavík

Holtagörðum Pöntunarsími 512 6800

OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00 (Akureyri lokað á sunnudögum)



RISA

ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR!



**ÓTRÚLEGT
TILBOÐ!**

**50%
AFSLÁTTUR**

SOFIA
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 193.000 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
96.499 kr.
= 50% AFSLÁTTUR!



**BIG
SALE!**

WINDSOR
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERÐ 171.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
85.799 kr.
= 50% AFSLÁTTUR!

**50%
AFSLÁTTUR**



STOCKHOLM
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
98.160 kr.
= 40% AFSLÁTTUR!

**40%
AFSLÁTTUR**

**RÝMUM TIL FYRIR
NÝJUM VÖRUM!**

**50 til 70% AFSLÁTTUR
AF SÝNINGAR-
OG SKIPTIRÚMUM**

rekkjan

H E I L S U R Ú M

ARGHEI! 190813 #3

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margir höfðu skráð sig í Reykjavíkumaraþonið síðdegis á mánudag?
2. Hversu gamall er Hosní Múbarak, fyrrverandi forseti Egyptalands?
3. Til hvaða lands í Evrópu er mest aukning í heimsóknum ferðamanna?

SVÖR
Íslands.

1. Um níu þúsund manns. 2. 85 ára. 3. Tili

Samgöngustofa brýnir fyrir foreldrum og forráðamönnum að huga vel að byrjendum í umferðinni: Fjörutíu þúsund börn á leið út í umferðina

UMFERÐARMÁL Nú þegar flestir grunnskólar landsins verða settir í vikunni vill Samgöngustofa brýna fyrir ökumönnum að huga á sér gát þar sem um fjörutíu þúsund nemendur fjölmenna í skóla sína. „Það eru rúmlega fjögur þúsund börn að hefja sína skólagöngu í ár,“ segir Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslustjóri á Samgöngustofu. „Þetta eru nýir vegfarendur og við verðum að taka vel á móti þeim.“ Hún vill minna fólk á að þessir nýju vegfarendur hafa ekki

þroska eða reynslu til að átta sig á því sem skiptir máli að gefa gaum í umferðinni. „Brýnum því fyrir börnum að þó að þau sjái bíl sé ekki öruggt að bílstjórinn sjái þau,“ segir Þóra Magnea. Hún minnr einnig á að barnið læri meira af því sem við gerum frekar en af því sem við segjum. Þannig að þótt þulan sé góð skiptir framferðið meira máli. Það að ganga á móti rauðu ljósi er til dæmis til þess gert að barnið til-einki sér sömu óhæfuna. -js

Tíu hollráð til foreldra og barna

1. Æfum leiðina í og úr skóla með barninu.
2. Veljum öruggustu leiðina í skólann, ekki endilega stytstu.
3. Leggjum tímanlega af stað, flýtum okkur ekki.
4. Setjum einfaldar og fáar reglur sem barnið á að fara eftir.
5. Kennum barninu að fara yfir götu, með og án ljósastýringar.
6. Verum sýnileg, notum endurskinsmerki.
7. Notum hjólreiðahjál, bæði börn og fullorðnir.
8. Notum viðeigandi öryggisbúnað í bifreið, bæði börn og fullorðnir.
9. Tökum tillit til annarra vegfarenda, sérstaklega í nánd við skóla.



AUKAÁRSFUNDUR Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 29. ágúst nk., kl. 17, á Grand Hótelu, Sigtúni 38, Reykjavík.

Á dagskrá verður stjórnarkjör í samræmi við grein 4.1. í samþykktum sjóðsins.

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttihafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 21. ágúst 2013
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is



Styrkir varnir munnsins



Félag íslenskra tannfræðinga mælir með Zendium tannkremi.

Geislavirkt vatn lak úr geymslutanki

Starfsmenn ónýta kjarnorkuversins í Fukushima unnu hörðum höndum að því í gær að reyna að dæla geislavirku vatni, sem lekið hafði úr geymslutanki, í aðra tanka. Um þrjú hundruð tonn af geislavirku vatni höfðu lekið úr tankinum.

JAPAN, AP „Við höfum miklar áhyggjur af þessu,“ sagði Hideka Morimotu, talsmaður japanska kjarnorkueftirlitsins, við blaðamenn í gær.

Um 300 tonn af geislavirku vatni láku úr einum af geymslutönkum sem reistir hafa verið við kjarnorkuverið í Fukushima. Verið eyðilagðist í náttúruhamförunum í mars 2011, þegar mikil flóðbylgja skall á verinu í kjölfar eins stærsta jarðskjálfta sem orðið hefur á þessum slóðum.

Vatnið komst í gegnum steinsteypnan vegg, sem gerður hafði verið í kringum tankinn, og áfram í gegnum sandpoka sem hlaðið hafði verið upp að steypuveggnum.

Starfsmenn versins unnu hörðum höndum að því að dæla vatninu upp úr tjörn sem hafði myndast og inn í aðra geymslutanka. Sú vinna gekk erfiðlega og síðdegis í gær hafði þeim einungis tekist að dæla fjórum tonnum af vatni upp úr tjörninni.

Óttast var að vatnið myndi leka áfram út í hafið, sem er skammt frá. Talsmaður orkufyrirtækisins TEPCO, sem rekur verið, sagði þó litla hættu á því vegna þess að hafið er í hundruð metra fjarlægð frá tankinum.

Morimoto andmælti þessu og sagði vel mögulegt að vatnið kæmist út í hafið í gegnum afrennslisrás.

Fjórum sinnum áður hefur geislavirkt vatn lekið úr verinu en aldrei í jafn miklu magni og nú.

Geislavirkni vatnsins mældist fimm sinnum yfir þeim viðmiðunarmörkum sem talið er óhætt



KJARNORKUVERIÐ Í FUKUSHIMA Starfsmaður kjarnorkuversins á gangi, geymslutankarnir í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þúsund tankar fyrir geislavirkt vatn

Um þúsund geymslutankar hafa verið reistir við kjarnorkuverið í Fukushima. Í þeim eru geymd nærri 300 þúsund tonn af geislavirku vatni, eða um 300 milljónir lítra.

Um 350 tankanna voru ekki jafn vandaðir og hinir en átta engu að síður að duga til fimm ára. Það er úr þessum tönkum sem lekið hefur úr undanfarið ár. Fimm sinnum hefur komið leki að þeim en sá langalvarlegasti varð í gær.

Í tönkunum er upphaflega kælivatnið úr verinu ásamt því vatni sem dælt var á verið til að kæla það niður eftir að það eyðilagðist í náttúruhamförunum 2011.

Auk þess bætast um 400 tonn af vatni við á degi hverjum, grunnvatn sem streymir inn í skemmdan kjarnaofninn og vélakjallarann undir honum. Því er stöðugt verið að reisa nýja tanka til viðbótar þeim sem fyrir eru. Daglega renna auk þess hundruð tonna af geislavirku vatni neðanjarðar til sjávar frá kjarnorkuverinu.

að starfsmenn versins verði fyrir á einu ári.

Japanska kjarnorkueftirlitið metur alvarleika atviksins þannig, til bráðabirgða, að það

flokkist sem atvik af stærðinni 2 á alþjóðlegum skala sem nær frá 1 til 8, þar sem 8 er alvarlegasta staðan sem upp getur komið.

gudsteinn@frettabladid.is

Spotify hefur samstarf við Símann og vil auka hróður íslenskrar tónlistar: Spotify eykur umsvif á Íslandi

VIÐSKIPTI „Ég gæti sagt að það sé vegna þess að ég elska Ísland en fyrst og fremst er það vegna þess að mjög margir Íslendingar eru tónlistarunnendur og síðan eru náttúrulega nánast allir með nettengingu,“ segir Jonathan Forster, framkvæmdastjóri Spotify í Evrópu, um innreið félagsins á íslenskan markað í samtali við Fréttablaðið.

„Við teljum að það sé tímabært að Spotify komi til landsins og viljum að Íslendingum standi til boða lögleg, ódýr og hentug leið til að nálgast tónlist á netinu,“ segir Forster.

Eins og kunnugt er hóf Spotify að bjóða upp á þjónustu sína hér á landi í apríl.

Nú hafa Spotify og Símann hafið samstarf sem hefur það í för með sér að hægt verður að fá aðgang að Spotify í gegnum Símann. Þjónustan verður ókeypiss með vissum vörum Símans.

Þúsundir Íslendinga hafa þegar keypt sér aðgang að Spotify en Forster vonast til þess að þjónustan geti hjálpað íslenskum listamönnum við að koma sér á framfæri.

Þá býst hann við að sífellt meiri íslensk tónlist verði aðgengileg eftir því sem fram líða stundir.



JONATHAN FORSTER Tónlistarveitan Spotify, sem er mörgum netverjum að góðu kunn, hefur samið við Símann um dreifingu efnis hér á landi. MYND/SÍMINN

„Við bætum við 20.000 lögum á dag og þegar við förum á nýja markaði bætist yfirleitt við nýtt efni frá þeim markaði. Þeim mun þekktari sem við verðum á Íslandi eru meiri líkur á að þeir sem gefa út tónlist hefji samstarf við okkur,“ segir Jonathan Forster.

-js

sabrino

Ítölsk hágæða sófasett



Kynningarverð



Frí heimsending á hjónarúmum eða tókum gamla rúmið upp í nýtt!

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGU- GREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu
legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á
heilsudýnum, án skuldbindinga!



SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opíð virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



„Kaupa, kaupa, kaupa“

Starfsmenn vogunarsjóðs voru æstir í að kaupa skuldabréf Glitnis banka þegar ljóst var að endurheimtur í þrotabú bankans voru betri en vonir stóðu til. Skyggst er á bak við tjöldin í nýrri bók um íslenskt viðskiptalíf eftir hrun.

EFNAHAGSMÁL Mínútur geta skipt sköpum um hvort menn hagnist ævintýralega á viðskiptum með kröfur á gjaldþrota fyrirtæki eða ekki. Skömmu eftir íslenska bankahrunið höfðu starfsmenn vogunarsjóða hraðar hendur þegar þeir áttuðu sig á því að endurheimtur í þrotabú íslensku bankanna yrðu ekki jafn vonlausar og útlit var fyrir í fyrstu.

Þessari atburðarás er lýst í nýrri bók blaðamannanna Magnúsar Halldórssonar og Þórðar Snæs Júlíussonar, *Ísland ehf. – auðmenn og áhrif eftir hrun*. Í bókinni er skyggst á bak við tjöldin í íslensku viðskiptalífi eftir bankahrunið. Meðal annars er farið yfir það hverjir eru raunverulegir eigendur íslensku bankanna og hvaða persónur og leikendur koma við sögu hjá vogunarsjóðunum bandarísku sem

keypt hafa skuldabréf þeirra.

Í bókinni er umfjöllun um það þegar Ísland fylltist allt af „útlendingum á jakkafötum“ rétt eftir að bankarnir féllu. Á fyrsta kröfuhafafundinum sem haldinn var hjá slitastjórn Glitnis seint á árinu 2008 var fjallað um greiðslustöðvun bankans og ferlið sem á eftir myndi fylgja. Í bókinni segir: „Þar [á fundinum] fór einnig fram kynning á fjárhagsstöðu búisins sem sýndi að staðan var miklu betri en markaðurinn hafði sagt til um. Menn sem sátu fundinn segja að einn fulltrúi kröfuhafanna, sem vinnur fyrir stóra aðila í bandarískum fjármálaheimi, hafi greinilega orðið mjög spenntur yfir því sem hann sá. Áður en kynningunni á fjárhagsstöðunni lauk gekk hann fram á gang á Hilton Nordica hótelinu, hringdi í sjóð-

„Á fundinum lagði Green fram tilboð um að kaupa allar skuldir Baugs við bankann á um fimm prósent af virði þeirra. Þegar tilboðið fékk litlar undirtektir lét hann öllum illum látum og hótaði að allir sem væru inni í herberginu yrðu reknir. Hann gæti látið það gerast.“

Vitnað í fund með Philip Green í bókinni Ísland ehf. – Auðmenn og áhrif eftir hrun

inn sem hann vann fyrir og sagði kollegum sínum að kaupa, kaupa, kaupa,“ segir á síðu 31 í bókinni.

thorbjorn@365.is

→ Philip Green lét öllum illum látum

Í bókinni er fróðleg frásögn af því sem gerðist bak við tjöldin rétt eftir fall bankanna. Meðal annars er rífað upp að breski kaupþráslumaðurinn Philip Green kom hingað til lands helgina eftir setningu neyðarlaganna í október 2008 í þeim tilgangi að kaupa skuldir Baugs á lágu verði. Með það fyrir augum mætti hann í höfuðstöðvar Glitnis á Kirkjusandi, sem hafði verið tekinn yfir af skilaneftnd. Ingibjörg Pálmadóttir mun hafa farið með honum á fundinn en á meðan beið Jón Ásgeir Jóhannesson frammi, en Jón Ásgeir og fjölskylda hans voru aðaleigendur Baugs á þessum tíma. Í bókinni segir: „Á fundinum lagði Green fram tilboð um að kaupa allar skuldir Baugs við bankann á um fimm prósent af virði þeirra. Þegar tilboðið fékk litlar undirtektir lét hann öllum illum látum og hótaði að allir sem væru inni í herberginu yrðu reknir. Hann gæti látið það gerast. Hann hótaði einnig að tala við forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, ef tilboðið yrði ekki skoðað betur. Hvað forsetinn átti að gera kom ekki fram.“ (bls. 44-45)



PHILIP GREEN

→ Steingrímur hundskammaði bankastjóra

Vestia, eignarhaldsfélag Landsbankans, hélt utan um margar verðmætustu eignir bankans eins og Vodafone, Skýrr, Húsasmiðjuna og Plastprent. Salan á félaginu til Framtakssjóðs Íslands í lok ágúst 2010 varð tilefni gagnrýni, m.a. á síðum þessa blaðs, ekki síst fyrir þær sakir að sölufrelsið var aldrei auglýst og fór fram fyrir luktum dyrum. Í bókinni segir að þetta hafi reitt þáverandi fjármálaráðherra mikið til reiði. „Steingrímur J. Sigfússon [...] varði þennan gjörning opinberlega en bak við luktur dyr varð hann gjörsamlega brjálaður yfir sameiningunni. Að hans mati fólst í henni klárt brot á reglum sem Landsbankinn hafði sjálfur sett sér um meðferð eigna sem lent höfðu í höndunum á bankanum eftir hrunið. Steingrími fannst þeir Steinþór [Pálsson bankastjóri] og Finnþógi [Jónsson] heldur ekki hafa vandað almennilega til verka. Í einkasamtölum hundskammaði hann þá báða og sagði þeim mjög skýrt að svona lagað skyldu þeir aldrei gera aftur.“ (bls. 237-238)



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Kríunes-Bruen NLP-Coaching

Kynning á haustdagskrá 2013

Fimmtudaginn 22. ágúst kl. 17:00 á Kríunesi við Elliðavatn.

Allir velkomnir

NLP-Coach Practitioner nám í Reykjavík: 5. sept. – 1. desember

„Getur þú ekki sagt mér hvaða leið ég á að velja núna?“ spurði Lísa
„Það fer eftir því hvert þú ert að fara,“ svaraði kötturinn.
„Mér er svo sem alveg sama...“ sagði Lísa.
„Þá skiptir engu máli hvaða leið þú velur“ sagði kötturinn. (Lewis Carroll)

Kennt er í 4 lotum, 4 daga í senn – og er lota 1 og 2 opin námskeið
Lota 1 „NLP- Samskipti og lestur tjáskipta“
Lota 2 „NLP- Samtalaæfni og uppbyggileg málnotkun“
Lota 3-4 „NLP-Coach Practitioner“ (Diploma eftir staðið mat)

„Að ganga í takt“
Samskiptanámskeið fyrir hjón/ pör sem vilja gera gott samband enn betra
Velkomin á spennandi hjónahelgi á Kríunesi við Elliðavatn helgina 27.- 29. sept.

Nánari upplýsingar veita:
Hrefna Birgitta – 899 1939 bruen@bruen.is / Björn Ingi – 897 0749 kriunes@kriunes.is



Hrefna Birgitta Bjarnadóttir
Alþjóðlega vottaður NLP- kennari,
HR-Coach starfsþróunarþjálfari

www.bruen.is

Heitt á könnunni á eftir allir velkomnir

Kríunes við Elliðavatn

www.kriunes.is



SKÓGAFOSS Skógar eru einn af vinsælustu ferðamannastöðum landsins og ófáir sem þar berja dýrdina augum á hverju ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vinnuskólinn hefur haldið áfram endurbótum við Skógafoss: Tröppurnar við Skóga orðnar 527

SVEITARSTJÓRNARMÁL Í sumar hefur verið unnið að gerð nýs tröppustígs upp með Skógafossi, en erfitt hefur verið að halda göngustíg upp með fossinum góðum, sérstaklega í rigningartíð eins og verið hefur í sumar. Krakkar í Vinnuskólanum hafa unnið við að bera mól í tröppustíginn og er hér heilmikil bragarbot á gönguleiðinni til og frá fossinum. Bætist tröppustígurinn við eldri timburtröppur og járnröppur upp að útsýnisstaðnum Spönginni og alls eru tröppurnar því orðnar 527. Samhliða tröppugerðinni hafa svæði verið girt af til þess að vernda viðkvæman gróður, en umferð ferðamanna um svæðið er mikil.

- hva

www.volkswagen.is



Volkswagen Polo Sparar sig vel

Meðaleyðsla aðeins
5,5 lítrar á hverja 100 km

Polo 1.2 bensín kostar aðeins:
2.460.000 kr.

Polo Trendline 1.2 bensín, 70 hestaflla, beinskíptur



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?



Taktu þátt í leiknum okkar á Facebook og þú gætir unnið 120.000 kr. gjafabréf á námskeið að eigin vali!
facebook.com/Promennt

www.promennt.is

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Þessi þriggja anna námsbraut er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands og eiga nemendur því möguleika á að fá hluta námsins metinn til ECTS háskólaeininga.* Frábært nám fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun.

NÝ NÁMSBRAUT

Námið er 350 kennslustundir og eru fyrstu tveir hlutarnir metnir til allt að 10 eininga til stúdentsprófs. Þriðja og síðasta hlutann er hægt að fá metinn til ECTS háskólaeininga.*

► AF HVERJU FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI?

Markmiðið með þessari geysilega öflugu námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkennds bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

► FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á sviðum bókhalds-, fjármála- og hagdeilda fyrirtækja og stofnana, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Krafist er almennrar tölvukunnáttu.

► SAMSTARF PROMENNT OG EHI

Við kynnum með stolti samstarf við Endurmenntun HÍ, en saman bjóðum við upp á þessa geysiöflugu námsbraut Framabraut – Viðurkenndur bókari. Þetta samstarf þýðir að nú geta nemendur Promennt lært allt um bókhald, frá grunni að viðurkenndum bókarum með möguleika á háskólaeiningum.

PROMENNT



”Ég var mjög ánægð með námskeiðið í bókhaldi, frábært að hafa möguleikann á að vera heima og læra í gegnum netið og geta nýtt sér sveigjanleikann í mætingu þar sem ég er í vaktavinnu. Síðan eru þarna frábærir kennarar sem komu öllu efni frá sér á mjög skýran hátt og leyfðu öllum að njóta sín. Ég er í alla staði mjög ánægð með þjónustuna hjá Promennt og á klárlega eftir að nýta mér það að fara á fleiri námskeið.

Sólveig Pétursdóttir

Skráningar fara fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

► VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

Undirbúningur: Kynning og námstækni með MindManager

Fyrsta misseri: Bókhald – grunnur

Markmiðið með fyrsta hlutanum er að byggja upp góða undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Þessi áfangi er **110 std.** og er hægt að taka hann stakan. (Verð: 119.000 kr.)

Upprifiun í Excel: Valkvætt aukanámskeið

Annað misseri: Bókaránám fyrir lengra komna

Markmiðið með öðrum hluta er að byggja upp dýpri þekkingu og færni í bókhaldi ásamt því að vera undanfari fyrir nám til viðurkennds bókara. Þessi áfangi er **90 std.** og er hægt að taka hann stakan en þátttakendur þurfa að hafa lokið skrifstofunámi eða grunnnámi í bókhaldi. (Verð: 119.000 kr.)

Þriðja misseri: Viðurkenndur bókari – á háskólastigi

Þessi áfangi er lokahnykkurinn í undirbúningi fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum ráðuneytisins og er á háskólastigi. Kennt er reikningshald, skattskil og upplýsingatækni og raunhæft verkefni lagt fyrir. Lengd **150 std.** (Verð: 165.000 kr.)

Umsóknarfrestur er til **15. september**

Hefst: **9. október** • Verð: **399.000 kr. fyrir allan pakkan.**

Kennsla á 1. og 2. misseri fer fram hjá okkur í Promennt (staðnám og fjarkennsla í beinni í boði) en 3. misseri fer fram hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Flest stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms hjá okkur. Atvinnuleitendur geta sótt um styrk hjá VMST.



Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.

TRAUSTIR AÐILAR

Gerðu frábær kaup á
notuðum bíl frá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar



NISSAN PATHFINDER SE 35"
Nýskr. 07/07, ekinn 92 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 280046.

Frábært verð
4.450 þús.

Tökum notaðan uppí
notaðan! Gerðu
frábær kaup!



VW TOUREG R5
Nýskr. 01/04, ekinn 192 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.270351.



PORSCHE CAYENNE S
Nýskr. 12/07, ekinn 73 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.350 þús.
Rnr.130621.



OPEL ASTRA ENJOY TURBO
Nýskr. 07/13, ekinn 2 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr.270443.



TOYOTA AVENSIS
Nýskr. 04/12, ekinn 9 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr.141453.



OPEL ASTRA ENJOY
Nýskr. 07/05, ekinn 102 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.090 þús.
Rnr.270338.



AUDI A4
Nýskr. 02/11, ekinn 31 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.390 þús.
Rnr.280815.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Skapandi Íslendingar skreyta borgina

Stærsta listasýning á Íslandi var formlega opnuð í gær. Um 600 listamenn taka þátt í listasýningunni sem á eftir að skreyta götur höfuðborgarinnar næstu vikuna. Sigurður Sævar og Berglind Anna afhjúpuðu verk sín við Lækjartorg í gær.

MENNING Stærsta listasýning á Íslandi var formlega opnuð við Lækjartorg í gær. Á sýningunni sýna um 600 Íslendingar verk sín víðs vegar um höfuðborgina.

Sýningin, sem nefnist Götusýningin 2013, fer fram á götuskiptum Reykjavíkurborgar og mun prýða borgina næstu vikuna.

„Hugsunin er að gefa þeim listamönnum eða fólki sem er að fást við einhvers konar sköpun tækifæri til að sýna sín verk og skreyta höfuðborgina með þessum hætti,“ segir Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion banka, en götusýningin er framlag bankans til menningarnætur.

Um þúsund verk bærust Arion banka frá tæplega 600 Íslendingum og verða verk eftir alla þá listamenn sem sendu inn listaverk á sýningunni.

Tveir listamenn úr hópnum voru valdir til þess að opna sýninguna með því að afhjúpa verk sín í miðbænum.

„Þetta er mikil viðurkenning fyrir mig og mína myndlist að vera valinn úr þessum stóra hópi listamanna,“ segir Sigurður Sævar Magnússon, annar listamanna-anna sem opnuðu sýninguna.

Þótt Sigurður sé einungis 15 ára gamall hefur hann haldið fimm myndlistarsýningar og vakið



VERKIN AFHJÚPUÐ Berglind Anna Einarsdóttir er annar tveggja listamanna sem valdir voru til að opna Götusýninguna 2013.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

athygli fyrir fjölbreytt verk sín.

„Þetta verk mitt er tilvísun í einhvers konar embættismenn, eða fína menn í samfélaginu, sem eru afar ánægðir með sig en svo kemur í ljós að þeir eru margir hverjir algjörir hundar.“

Götusýningin er ekki eina sýningin sem Sævar tekur þátt í þessa vikuna heldur verður hann einnig með sýningu á Kexi Hosteli á menningardag, enda reyndur listamaður þrátt fyrir ungan aldur.

Berglind Anna Einarsdóttir fékk einnig þann heiður að opna sýninguna en hún er myndlistarnemi í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti.

„Þetta er mögnuð upplifun. Hér er verk eftir mig sem allir geta séð, sem er risavaxið tækifæri fyrir mig. Verkið heitir Sátt og er mynd af konu sem geislar af sjálfsöruggi. Verkið á að sýna að allir eiga að geta verið sáttir við sjálfan sig, hvernig sem þeir eru.“

lovisa@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ

ELDHÚS- OG BAÐINNRETTINGAR



COUNTRY, hvítt háglans, bökunú duftlökkun

DUCAL eik eða hvítt háglans, duftlökkun

LINE hvítt háglans, höldulaus, bökunú duftlökkun

**30-60%
AFSLÁTTUR**



ASKUR 110x48 cm, m. hliðarskáp

LINE 80x46cm, heil handlaug

BAÐ 47x47 cm, hvítt háglans

**FJÖLDI ANNARRA
INNRETTINGA Á
TILBOÐSVERÐI**

ÝMSAR AÐRAR VÖRUR,
STURTUKLEFAR, STURTU-
HURÐIR, BLÖNDUNARTÆKI,
BAÐKÖR, SPEGLAR OG
FLEIRI FYLGJHLUTIR

**MEÐ VERULEGUM
AFSLÆTTI**



Bað 60x46
Spegilskápur fylgir



Bað 100x46
Spegilskápur fylgir



Bað 53x31
Spegill fylgir

**OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 – 18
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR**

Ármúla 31 • Sími: 588 7332

WWW.I-T.IS

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

OPIÐ
24
TÍMA
SKEIFAN

NÝTT
KORTA-
TÍMABIL

A4

SKÓLINN BYRJAR Í A4



1.393-
2 stk.

Tímaritabox



Aðeins
199-
stk.

995-

Stílabækur
5 stk. saman í pk.



79-

Áherslupenni

RISA STÓRI OG ÓDÝRI SKIPTIBÓKA- MARKAÐURINN Í ÖLLUM VERSLUNUM



A5
199-

A4
229-

Stílabók
6 litir



49-

Reiknings- eða sögubókin mín



199-

Vaxlitir
12 litir



49-

Límstifti



Verð frá
399-

Trélitir



Aðeins
490-
10 stk.

49-
stk.

Skrúfblyantur



399-

Vasareiknivél



299-

Tússpenni



Vinsælasta
strokleður
á Íslandi!

Allt í pennaveskið



Þessir
gráur með
gripinu

Þetta yðar
sig ekki
sjálf!

OPIÐ TIL
MIÐNÆTTIS
Í A4 SMÁRA-
TORGI



15-

Strokleður

www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

A4

Síminn, Spotify og þú

Counting

Autre Ne Veut

3:42

Guðmundur Jörundsson | Fatahönnuður



Sjáðu
tónleikana
í beinni

Spotify tónleikar í kvöld

Í tilefni af samstarfi Símans og Spotify býður Síminn á glæsilega tónleika á KEX í kvöld klukkan 20. Stórhljómsveitirnar Hjaltalín, Sometime og Ylja koma fram.

Tónleikunum verður streymt á siminn.is/spotify

Spotify Premium fylgir Snjallpökkum Símans



Spotify Premium er einfaldlega betra

- Ótakmarkað tónlistarstreymi í símann, spjaldtölvuna og fartölvuna
- Hágæða hljómburður
- Hægt að vista tónlistina í snjalltækjum
- Engar auglýsingar á milli laga

„Wall Street“ og kauphallirnar

Í DAG

Baldur Thorlacius
sérfræðingur á
eftirlitssviði
NASDAQ OMX Iceland



Á undanförunum árum hafa nokkrar erlendar kvikmyndir verið sýndar hér á landi sem fjalla, með beinum eða óbeinum hætti, um alþjóðlegu fjármálakrisuna 2007-2008. Flestar þeirra hafa fyrst og fremst tekið mið af bandarískum aðstæðum, vanda málum sem komu þar upp og áhrifum þeirra á hinum alþjóðlegu fjármálamarkaði.

Eitt af því sem vakti athygli undirritaðs við áhorf á þessar myndir er að orðið „Wall Street“ hefur stundum verið þýtt sem „Kauphöllin“.

Wall Street er nafn á götu í fjármálaverfi New York-borgar og er yfirleitt notað sem samheiti yfir fjármálageirann í Bandaríkjunum. Að nota orðið kauphöll yfir alla starfsemi sem fer fram innan Wall Street er aftur á móti ekki góð hugtakanotkun og á í reynd sérstaklega illa við þegar fjallað er um tildrög og orsakir fjármálakrisunnar í Bandaríkjunum. Endurspeglar hún jafnframt ákveðinn misskilning um starfsemi kauphalla sem virðist ríkja nokkuð víða.

Til þess að skýra þetta nánar er gott að rifja upp hvaða atriði það eru sem almennt eru talin hafa orsakað fjármálakrisuna í Bandaríkjunum. Má þar helst nefna þenslu í útlánunum og of mikla skuldsetningu, sem má

svo að hluta til rekja til viðskipta með skuldabréfavafninga, skuldtryggingar og svokallaðar „OTC“ (over-the-counter) afleiður.

Aukin skuldsetning tengist kauphöllum ekki beint en getur vissulega haft áhrif á viðskipti í kauphöllum og telja margir að hún geti jafnvel valdið óhóflegum verðhækkunum á markaði.

Síðarnefndu atriðin eiga það svo öll sameiginlegt að þau snúa að viðskiptum með fjármálagerninga og gæti því mörgum fundist við hæfi að tengja þau við kauphallir. Þætti það jafnvel eðlileg ályktun, ef það væri ekki fyrir þá staðreynd að þessir tilteknu fjármálagerningar voru nær einguis óskráiðir, þ.e. ekki skráðir í kauphallir, og nánast öll viðskipti með þá fóru fram utan kauphalla.

Flestir þekkja einnig til umræðunnar um að aukin frjálslyggja og afreglun (e. deregulation) fjármálakerfisins hafi skapað það umhverfi sem síðar leiddi til fjármálakrisunnar. Færri eru þó meðvitaðir um að mjög ofarlega á lista fræðimanna yfir mögulegar umbætur sem gera þurfi á regluverkinu er einmitt að skikka fjármálafyrirtæki til þess að færa viðskipti með afleiður og aðra flókna fjármálagerninga inn á skipulega markaði eins og kauphallir.

Þeirra á meðal eru t.d. menn eins og Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz, sem er ekki þekktur fyrir annað en að veita Wall Street strangt aðhald í skrifum sínum og tala gegn afreglun á fjármálamörkuðum. Þetta kann að koma þeim á óvart sem telja kauphallir vera eins

konar musteri frjálslyggju og fjárglæfrastarfsemi.

Til þess að skilja betur hvers vegna þetta er þarf að þekkja muninn á viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll og viðskiptum með þá sem eru það ekki.

Fjármálagerningar munu alltaf ganga kaupum og solum á markaði, óháð því hvort kauphallir eru til staðar. Tilgangur kauphalla er fyrst og fremst að mynda skipulega umgjörð utan um slík viðskipti innan ramma laga og reglna, með það að markmiði að tryggja jafnræði fjárfesta og koma í veg fyrir óæskilega viðskiptahegðun.

Í tilvikum verðbréfa (þ.e. hluta- og skuldabréfa), þýðir skráning í kauphöll að fyrirtækin fella sig sjálfviljug undir lög og reglur sem gilda um verðbréfavíðskipti, sem og reglur viðkomandi kauphallar, og skuldbinda sig þar með til þess að veita almenningi aðgang að öllum upplýsingum sem kunna að skipta máli við mat á virði bréfa.

Í tilvikum afleiðna og annarra sérhæfðra fjármálagerninga þýðir skráning í kauphöll að þeir þurfi að vera staðlaðir, upplýsingar um þá gerðar opinberar og jafnvel strangar kröfur gerðar um veð til þess að lágmarka áhættu. Í öllum tilvikum fara kauphallarviðskipti fram á miðlægum vettvangi þar sem upplýsingar um viðskipti, kaup- og söluáhuga og viðskipta-trauma eru opinberar.

Lykilatriðið hér er gagnsæi. Hefðu öll viðskipti með fjármálagerninga eins og skuldabréfavafninga, skuldtryggingar og OTC-afleiður farið fram í kauphöllum

Wall Street er nafn á götu í fjármálaverfi New York-borgar og er yfirleitt notað sem samheiti yfir fjármálageirann í Bandaríkjunum. Að nota orðið kauphöll yfir alla starfsemi sem fer fram innan Wall Street er aftur á móti ekki góð hugtakanotkun og á í reynd sérstaklega illa við þegar fjallað er um tildrög og orsakir fjármálakrisunnar í Bandaríkjunum. Endurspeglar hún jafnframt ákveðinn misskilning um starfsemi kauphalla sem virðist ríkja nokkuð víða.

í aðdraganda fjármálakrisunnar í Bandaríkjunum hefðu ítarlegar rauntímaupplýsingar legið fyrir um umfang markaðsins, útistandandi áhættu og viðskiptastrauma.

Svo var því miður ekki og þegar vandinn fór að verða ljós á árunum 2007 og 2008 virtust fáir, ef einhverjir, gera sér grein fyrir raunverulegu umfangi hans.

Með skráningu þessara fjármálagerninga hefðu eftirlitsaðilar, fjárfestar og sjálf fjármálafyrirtækin haft betri tök á því að taka tillit til, og jafnvel draga úr, áhættunni sem hafði myndast á þessum árum, auk þess sem margir af áhættusömustu fjármálagerningunum hefðu líklega aldrei litið dagsins ljós.

Kauphallarviðskipti eru síður en svo gallalaus og geta t.a.m. verið áhættusöm fyrir þá sem til þeirra stofna. Þau geta aftur á móti ekki ein og sér skapað kerfisáhættu (e. systemic risk) og orðið hagkerfum að falli. Þar sem kauphallir eru sá hluti fjármálamarkaðanna sem hvað mest gagnsæi ríkir um getur þróun viðskipta í þeim engu að síður orðið eins konar birtingarmynd

hagsveiflna, þar sem hlutabréfavirði endurspeglar undirbyggjandi áhrifaþætti. Þetta kann að hafa valdið því að fólk tengir kauphallir við allt sem gerist á fjármálamörkuðum, sbr. ofangreinda þýðingu á hugtakinu Wall Street.

Í Bandaríkjunum, sem og hér á Íslandi, má telja nokkuð víst að sterkustu áhrifaþætti fjármálakrisunnar hafi fyrst og fremst mátt rekja til lausafjárgnóttar og þenslu í útlánunum.

Þetta virðast ráðamenn víða vera meðvitaðir um og má sem dæmi nefna að hin alþjóðlega Basel-nefnd um bankaeftirlit vinnur nú að tillögum sem fyrir-séð er að munu þrængja enn frekar að útlánamöguleikum banka í framtíðinni.

Þetta mun að öllum líkindum draga úr kerfisáhættu en að sama skapi verður fyrirtækjum og einstaklingum gert erfiðara fyrir að fá lán úr bankakerfinu. Munu fyrirtæki í leit að fjármagni því eðlilega líta til útgáfu hlutabréfa eða skuldabréfa í meiri mæli og er nokkuð líklegt að kauphallir verði þar í lykilhlutverki.

Verkefnastjórnun á köldum klaka...

Haustráðstefna Verkefnastjórnunarfélags Íslands, í samvinnu við NORDNET, samtök verkefnastjórnunarfélaga á Norðurlöndum, verður haldin í **Hörpu 3.-5. september 2013**.

Ráðstefnan fer fram á ensku og er yfirskrift hennar:

Cool Projects and Arctic Opportunities

Yfir 20 innlendir og erlendir fyrirlesarar með reynslusögur, hagnýtar aðferðir og nýjungar í verkefnastjórnun.

Ráðstefnan verður einnig vettvangur umræðu um tilvonandi áskoranir og tækifæri á norðurlöndum.

Skráning og frekari upplýsingar á Nordnet2013.is

Á meðal fyrirlesara eru:



Niklas Modig

Höfundur metsölubókarinnar *This is Lean – Resolving The Efficiency Paradox*. Ráðstefnugestir fá bókina að gjöf.



Ragna Árnadóttir

Aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og formaður Samráðsnettvangs um aukna hagsæld á Íslandi.



Beverly Pasian

Forseti verkefnastjórnunarfélags Kanada og prófessor við Háskólann í Utrecht, Hollandi.



Sigurður Ragnarsson

Framkvæmdastjóri hjá ÍAV. Var framkvæmdastjóri (Project Director) yfir byggingu Hörpunnar.



Guðfinna Bjarnadóttir

Eigandi LEAD Consulting. Fyrrum rektor Háskólans í Reykjavík og þingmaður.

Ofsóknir og vænisýki

Sem fjölmiðlamaður í á þriðja áratug get ég ekki lengur setið þögull hjá og fylgst með því sem ekki er hægt að kalla annað en ofsóknir gegn starfsfélögum mínum á Ríkisútvarpinu.

Það er sorglegt og raunar ekkert annað en ógnvænlegt hvernig hluti valda- og á stundum forréttindastéttarinnar í landinu ræðst ítrekað með ruddalegum dólghætti að fréttastofu Ríkisútvarpsins og oft nafngreindum

FJÖLMIÐLAR



Heimir Már Pétursson
fréttamaður á Bylgjunni, Stöð 2 og visir.is

fréttamönnum þar. Þetta er slíkur ruddaskapur að sæmir ekki síðuðu samfélagi sem, í orði alla vega, kennir sig við lýðræði.

Fjölmiðlafólk er ekki frekar en annað fólk, og þá heldur ekki stjórn-málamenn, óskeikult. Öllum verður á að gera mistök í starfi og þegar það gerist er eðlilegt að gagnrýna það og að sama skapi eðlilegt að leiðrétta mistökin. En hluti valdastéttarinnar ræðst með

slíku offorsi að fréttastofu Ríkisútvarpsins af oftast ímynduðum og smáum forsendum að ómögulegt er annað en að setja þessa heift í sambengi við pólitískt valdatafl og mannvönsku þar sem einskis er svífist.

Það er ómurlegt upp á að horfa svo mánuðum skiptir hvernig t.d. ritstjóri Morgunblaðsins, sem eitt sinn var vant að virðingu sinni, ræðst af blindri heift og vænisýki að fréttastofu Ríkisútvarpsins. Það er augljóst öllum sem fylgjast með og ekki eru innmúraðir í valdaklíkuna að ástæða árás-

anna er ekki óvönduð eða óeðlileg vinnubrögð fréttamanna Ríkisútvarpsins heldur ólundin, heiftin og hatrið sem vaknar með þessum hluta valdastéttarinnar þegar blaða- og fréttamenn voga sér að segja tilteknar fréttir sem er fullkomlega eðlilegt að greina frá. Það er nefnilega skoðun þessa hluta valdastéttarinnar, sem leggur allt í sölnurnar til að halda í alla valdatauma samfélagsins, að tilteknar fréttir eigi yfirleitt og aldrei að segja. Vegna þess að það þjónar ekki hagsmunum hans.

→ Það er augljóst öllum sem fylgjast með og ekki eru innmúraðir í valdaklíkuna að ástæða árásanna er ekki óvönduð eða óeðlileg vinnubrögð fréttamanna Ríkisútvarpsins heldur ólundin, heiftin og hatrið sem vaknar með þessum hluta valdastéttarinnar þegar blaða- og fréttamenn voga sér að segja tilteknar fréttir sem er fullkomlega eðlilegt að greina frá. Það er nefnilega skoðun þessa hluta valdastéttarinnar, sem leggur allt í sölnurnar til að halda í alla valdatauma samfélagsins, að tilteknar fréttir eigi yfirleitt og aldrei að segja. Vegna þess að það þjónar ekki hagsmunum hans.

Hvaða fréttir þetta eru vita allir sem fylgjast með, hvort sem þær eru um hrúð og aðdraganda þess, umhverfismál, auðlindamál eða utanríkis-mál. Þessi hópur fólks þolir ekki lýðræðislega og opna umræðu. Er beinlínis í nöf við hana. Hann vill stýra umræðunni og ráða því alfarið hvað sagt er í fjölmiðlum og hvað má alls ekki undir nokkrum kringumstæðum segja þar. Fólk sem hugsar með þessum hætti er til óþurftar í lýðræðislegu samfélagi og er því raunar einstaklega hættulegt. Um það vitnar mannkynsagan.

Ég hef skrifað um og fylgst með stjórnámum frá mörgum hliðum og á víðum vettvangi stjórnámanna í um 25 ár. Yfirleitt hafa þeir stjórnámamenn sem setið hafa á þingi, í ríkisstjórn eða í sveitarstjórnnum verið hið ágætasta fólk sem vill samfélagi sínu vel, hvar í flokki sem það er. En því er ekki að leynd að hvergi getur vænisýkin náð öðrum eins hæðum og meðal stjórnámamanna þegar sá gállinn er á þeim. Það er kannski vegna þess að margir þeirra þrífast á samsærum, baknagi, svikum og þreppum til að ná sínu fram, hvort sem það snertir persónulega hagsmuni þeirra sjálfrá eða hagsmuni sem þeir beita sér fyrir og vilja með góðu eða illu troða ofan í þjóðina.

En nú hefur heiftin og vænisýkin náð slíkum hæðum að öllu síðuðu fólki hlýtur að vera ofboðið. Það er eðlilegt að tekist sé á um skipulag, tilgang og umfang starfsemi eins mikilvægrar stofnunar og Ríkisútvarpið er. Það er líka eðlilegt að til þess sé ætlast að Ríkisútvarpið fari vel með fjármuni almennings og virði öll bestu samkeppnislögmál sem hugsast má. En það er langt í frá eðlilegt eða þolandi að í samfélagi sem vill vera lýðræðislegt og þar með virða leikreglur lýðræðisins dreifi hluti valdastéttar landsins úr innstu kömrum sínum yfir fréttastofu Ríkisútvarpsins og einstaka starfsmenn hennar eins og gert hefur verið um nokkurra missera skeið. Þar eins og á öðrum miðlum, þar með talið Morgunblaðinu, vinnur gott fólk sem kann sitt fag sem fréttar- og blaðamenn og dagskrárgerðar-fólk.

Það er mál að þessum heiftuðlegu og fullkomlega órökstuddu, vænisjúku árásum á fréttastofu Ríkisútvarpsins linni og það strax og menn tileinki sér lýðræðislega umræðuhefð þar sem það er talið eðlilegt að ólíkar skoðanir og viðhorf fái að koma fram og njóta sín.

Það er öllu samfélaginu til heilla, líka hinum vanstilltu.

7 ÁRA KIA ABYRGÐ
7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Öflugur sportjeppi

SPORTAGE

The Power to Surprise

Kia Sportage er öflugur sportjeppi sem hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Á **kraftmiklum** og **fjór hjóladrifnum** Sportage kemstu þangað sem þú ætlar þér jafnt sumar sem vetur. Hann er umhverfismildur og eyðir frá **5,5 l/100 km** í blönduðum akstri.

7 ára ábyrgð er á nýjum Kia Sportage líkt og á öllum nýjum Kia bílum.

Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.

Verð frá **4.990.777 kr.** 1,7 dísil, beinskiptur 6 girja, 2wd
Aðeins **47.677 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Verð frá **5.990.777 kr.** 2,0 dísil, beinskiptur 6 girja, 4wd
Aðeins **51.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 50% útborgun eða uppitökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,71%.

Þú finnur „Kia Motors Island“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

OK
búðin

#EINBEITING

@OKBUDIN

VERTU KLÁR

Hvaða tölva hentar þér? Komdu í OK búðina að Höfðabakka 9 og láttu sérfræðingana fræða þig um hvaða tölva hentar þér.



10-Punkta
HD LED
Snertiskjár

HP Pavilion Touchsmart 11,6"
E2V66EA

99.900 kr.

Örgjörvi: AMD Dual-Core A4 - 1250
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 500GB SATA
Skjákort: AMD Radeon HD 8180 Graphics
Skjástærð: 11,6" baklýstur "BrightView"

INSTAGRAM LEIKUR

#EINBEITING @OKBUDIN



Taktu þátt í Instagram leik OK búðarinnar og þú gætir unnið glæsilega vinninga fyrir skólann.

Leikurinn hófst 12. ágúst og lýkur 6. september.

Okkur langar að sjá myndir af þér æfa einbeitinguna fyrir skólann.



HP compaq 15,6"
E1T03EA
89.900 kr.

Örgjörvi: Intel® Celeron®
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 500GB SATA
Skjákort: Intel HD Graphics
Skjástærð: 15.6" HD LED BrightView



HP Pavilion 15,6"
E1T90EA
139.900 kr.

Örgjörvi: Intel® Core i5-3230M
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 500GB SATA
Skjákort: Intel HD Graphics 4000
Skjástærð: 15.6" HD LED BrightView



FUJITSU Lifebook i5 13"
UH572MXB52IS
149.900 kr.

Örgjörvi: Intel Core i5-3337U
Vinnsluminni: 4GB DDR3
Harður diskur: 128GB SSD Diskur
Skjákort: Intel HD Graphics 4000
Skjástærð: 13" LED backlight



Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi,

ANDRI SMÁRASON
frá Breiðuvík á Tjörnesi,

lést þriðjudaginn 13. ágúst í faðmi fjölskyldunnar á heimili móður sinnar. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 26. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð að hans ósk, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, skb.is.

Stefanía Gylfadóttir
Smári Kárasón
Friðþór Smárasón
Sveinbjörg Smáradóttir
Sóley Smáradóttir
Valur Smárasón
og systkinabörn.

Gunnlaugur Höskuldsson
Hafdis Gunnarsdóttir
Þórunn Þórðardóttir
Valgarður Ómarsson
Steinar Ísleifsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON
Reynimel 64, Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

Rakel Sveinbjörnsdóttir
Guðmundur Eiríksson
Jón Eiríksson
Jóna Sigríður Jónsdóttir
Þórunn Þórisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

RUT MAGNÚSDÓTTIR

lést á hjúkrunarheimilinu Kumbaavogi sunnudaginn 18. ágúst.

Níls Ólafsson
Lisbet Nílsdóttir
Ólafur Nílsón
Linda Rut Ragnarsdóttir
Gísli Einar Ragnarsón
Jóna Þórunn Ragnarsdóttir
og langömmubörn.

Ragnar Gíslason
Eyþór Björnsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

MÁR ÁRSÆLSSON

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 11. ágúst. Hann verður jarðsunninn frá Neskirkju fimmtudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

Lilja Kristjánsdóttir
Áskell Mátsson
Ársæll Mátsson
Karólína Margrét Mátasdóttir
Þórdís Mátasdóttir
Ottó Mátsson
börn og barnabörn.

Sigríður Búadóttir
Margrét Pálsdóttir
Stefán Jóhannsson
Aðalsteinn Stefánsson



Maðurinn minn, ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

ANTON GUÐMUNDSSON
vélvirki,
frá Eiðum í Vestmannaeyjum,
Hvassaleiti 8,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Úlfhildur Ó. Úlfarsdóttir
Soffía Antonsdóttir
Ólöf Árný Antonsdóttir
Selma Antonsdóttir
Guðbjörg Antonsdóttir
Sigursveinn Guðjónsson
Halldór Helgason
Guðmundur Óli Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÓLAFUR P. ÞÓRHALLSSON
frá Anastöðum,
Neshaga 14, Reykjavík,

lést sunnudaginn 18. ágúst á öldrunar-lækningadeild Landspítalans á Landakoti. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þorbjörg Ólafsdóttir
Ólöf Þórhildur Ólafsdóttir
Júlíus Heimir Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón M. Benediktsson
Necmi Ergün
Vigdís Guðmundsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGRÚN HELGADÓTTIR
Birkiteigi 3, Mosfellsbæ,

lést þann 14. ágúst á Landspítalanum við Hringbraut. Útför verður gerð frá Háteigskirkju þann 23. ágúst kl. 14.00.

Helgi Hjartarson
Margrét Hjartardóttir
Norbert Sischka
Edith Aldís Sischka
Patrick Sischka
barnabörn og barnabarnabörn.

Helga Kristinsdóttir
Stefán V. Guðmundsson
Alma Lóa Lúthersdóttir



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

FREYSTEINN V. HJALTALÍN
frá Brokey,
Laufásvegi 12, Stykkishólmi,

sem lést á Sjúkrahúsinu í Stykkishólmi 5. ágúst sl. verður jarðsunninn laugardaginn 24. ágúst frá Stykkishólmskirkju og hefst athöfnin kl. 14.00. Jarðsett verður í Narfeyrarkirkjugarði.

Friðgeir V. Hjalteinn
Laufey V. Hjalteinn
Guðjón V. Hjalteinn
og systkinabörn.

Salbjörg Nóadóttir
Þorsteinn Sigurðarson
Ásta Sigurðardóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

BRYNHILDUR LILJA BJARNADÓTTIR
Laugarbrekku 5, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga 13. ágúst. Útförin fer fram frá Grenjaðarstaðarkirkju í Aðaldal laugardaginn 24. ágúst kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg. Fyrir hönd aðstandenda,

Aðalheiður Kristinsdóttir
Bjarni Eyjólfsson
Þórey Hermannsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

INGIMUNDUR INGIMUNDARSON
leigubíreiðarstjóri,
Vallartröð 1, Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 18. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 27. ágúst kl. 13.00.

Hrefna Kristín Gísladóttir
Guðný Dóra Ingimundardóttir
Björk Ingimundardóttir
barnabörn og langafabörn.

Gunnar Sigfinnsson
Björgvin K. Harðarson



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓN VALUR SAMÚELSSON
Furugrund 2, Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu sunnudaginn 18. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 26. ágúst kl. 13.00.

Lovísa Gunnarsdóttir
Samúel K. Valsson
Gunnar K. Valsson
Stefán Ingi Valsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Bryndís Guðmundsdóttir
Ragna Rós Bjarkadóttir
Valdís Valdímarsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

RÓSI JASON ÁRNASON
Látrum, Aðalvík,

lést þann 5. ágúst á hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Við þökkum deild V3 fyrir góða umönnun og einnig viljum við þakka starfsfólki og vistmönnum á Njálsgötu 74 fyrir hlýju og góða umönnun.

Ólafur Rósason
Friðveig Rósadóttir
Geirþróður Rósadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sesselja Tómasdóttir
Guðmundur Pálsson
Ægir Svansson



ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Óswaldssonar ehf.
Sími 551 3485, svarað allan sólarhringinn.
Vefsíða www.udo.is

Davíð útfarastjóri
Jóhanna guðfræðingur útfararþjónusta
Óli Pétur útfarastjóri

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HÁTÍÐ Á HRAFNSEYRI

Hátíðardagskrá verður á Hrafnseyri við Arnarfjörð 24. ágúst til að minnast þess að 800 ár eru liðin frá því höfðinginn Hrafn Sveinbjörnsson var tekinn af lífi á Eyri við Arnarfjörð. Eyri var síðar nefnd í höfuð honum og kölluð Hrafnseyri.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



DÚNÚLPUR

Verð 21.980
Litir: bláar og svartar

TUZZI

Vertu vinur okkar
á Facebook

KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

ÞORÐI EKKI AÐ SETJA Í GANG

FERÐIR Elín Sif Sigurjónsdóttir fór í sína fyrstu mótorhjólaför í sumar ásamt eiginmanninum og vinahjónum. Hún segir bráðnaðsynlegt fyrir barnafólk að komast út að leika sér endrum og eins og er kolfallin fyrir mótorhjólaspörtinu.

Við höfðum verið á ferðinni með hjólhýsið og krakkana fyrir austan í meira en viku þegar vinahjón okkar hringdu skyndilega og buðu okkur í mótorhjólaför í Bárðardal. Við gerum allt of sjaldan eitthvað bara fyrir okkur tvö svo við drifum okkur heim, losuðum okkur við hjólhýsið og brunuðum í Bárðardal með hjólin á kerru. Þar fóru krakkarnir í pössun hjá ömmu og afa og við upp á fjöll. Þetta var æðisleg ferð," segir Elín Sif Sigurjónsdóttir. Hún fór í sína fyrstu mótorhjólaför í sumar ásamt eiginmanninum og tvennum vinahjónum. Hún segir nauðsynlegt að kúpla sig út úr amstri hversdagsins endrum og eins og gera eitthvað saman.

„Við sem fórum í þessa ferð erum öll á sama báti, stöndum í barnaupplendi með öllu því sem fylgir og það var alveg ótrúlega gaman að bruna þarna frír og frjáls, bara fyrir sjálfan sig í einn

dag. Í raun bara að leika sér," segir Elín og hlær. „Það er svo mikils virði að við gátum gert þetta saman hjónin, keyrt eins og villingar og ögrað sjálfum okkur," bætir hún við en segir kankvís að allur akstur hafi farið fram innan lagalegra marka.

„Við ókum aldrei utan vega eða neitt slíkt, en það var aðeins gefið í. Við keyrðum upp hjá Stórutungu í Bárðardal og upp í Réttartorfu. Þar vorum við með aðsetur og hjóluðum um nágrennið. Við stoppuðum oft og borðuðum nesti og spjölluðum og nutum veðurbliðunnar og útsýnisins. Ég var til dæmis að keyra í fyrsta skipti yfir á og svo keyrðum við í móa og í sandi og hrauni. Þetta reyndi heilmikið á og ég fékk hressilega strengi í lærin daginn eftir.“

Elín hafði lengi talað um að taka mótorhjólapróf þegar hún dreif loks í því fyrir ári. Hún keypti sér hjól,

GÓÐ FERÐ Hópurinn var heppinn með veður í ferðinni. Frá vinstri; Dóra Hrönn Gústafsdóttir, Valdimar Tryggvason, Elías Wium, Elín Sif, Jón Haukur Stefánsson og Guðrún Halldórsdóttir. „Það er strax búið að plana næstu ferð og þá ætlum við að gista.“
MYND/ELÍN SIF SIGURJÓNSDÓTTIR

Junge



FISLÉTTAR
DÚNÚLPUR

Kr.29.900,-

laxdal.is

BERNHARD
LAXDAL

Laugavegi 63 · S: 551 4422



Vertu vinur á
Facebook

Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki
til reynslu

Okkar markmið: Að allir Íslendingar heyri vel.




HEYRN


HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímarpantanir 534 9600


50% afsláttur
af rafhlöðum
í ágúst



Rafmagnshjól.is
Skiptiholti 33



HOLLENSK
GÆÐA RAFMAGNS-
REIÐHJÓL



MATCHBOX-BÍLARNIR ORÐNIR SEXTUGIR

KLASSÍSK LEIKFÖNG Matchbox-bíllarnir hafa skemmt mörgum kynslóðum undanfarna áratugi. Sextíu ár eru síðan fyrstu bíllarnir komu á markað í Englandi.

Matchbox-bíllarnir eiga 60 ára afmæli í ár en þessi vinsælu leikföng hafa skipað stóran sess í lífi ungra sem aldraðra í áratugi. Það var enska fyrirtækið Lesney Products sem setti bíllana fyrst á markað árið 1953 þegar fyrirtækið hóf sölu á þremur tegundum. Maðurinn á bak við hönnun bíllanna hét John William Odell og vann hjá Lesney Products þegar þeir voru hannaðir. Söguna á bak við hönnun þeirra má rekja til strangra reglna í skóla dóttur hans en þar mátti einungis koma með leikföng meðferðis ef þau voru nógu smá til að passa í eldspýtnastokk (e. matchbox). Árið 1952 tókst honum að búa til smækk-aða útgáfu af leikfangabíl sem fyrirtækið hafði áður framleitt og sendi dóttur sína með hann í skólann í eldspýtnastokki. Afurðin vakti mikla athygli meðal samnemenda hennar og boltinn fór að rúlla af stað. Ári síðar setti Lesney Products þrjú bíla á markað eins og fyrr segir og salan fór ágætlega af stað fyrstu árin. Á sjöunda áratug síðustu aldar var fyrirtækið fjórði stærsti leikfangaframleiðandi Evrópu og því orðið að stórveldi í greininni. Fyrirtækið átti tólf verksmiðjur í London og nágrenni hennar og framleiddi 250.000 bíla á viku. Í dag hafa verið framleiddir um 12.000 tegundir af vörum undir vörumerkinu Matchbox og um þrjú milljarðar leik-



SÖGULEGIR BÍLAR Hinir einu sönnu Matchbox-bíllar eiga 60 ára afmæli í ár. Fyrstu bíllarnir komu á markað árið 1953. NORDICPHOTOS/GETTY

fangabíla. Ef þeim væri öllum raðað í röð á lengdina næði röðin sex hringi kringum jörðu.

Bíllarnir urðu vinsælir safngripir strax á áttunda áratug síðustu aldar. Sá sem á flesta Matchbox-bíla, svo vitað sé, er David Tilly, sem hefur safnað yfir 11.000 bílum á 33 árum. Sumir bíllarnir eru líka dýrir safngripir og hafa þeir dýrustu verið seldir á tæplega tvær milljónir króna. Flestir safnarar líta á tímabilið frá 1953 til 1982 sem gullaldartímabil Matchbox-bíllanna en þá voru þeir framleiddir í Bretlandi. Árið 1982 var fyrirtækið selt bandaríska fyrirtækinu Universal Toys og hefur verið í eigu Bandaríkjanna síðan.

■ starri@365.is



FYRSTU BÍLLARNIR Tveir af þremur fyrstu Matchbox-bílunum frá árinu 1953.

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Nemendur geta að námi loknu gengið í Leiðsögufélagið -

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðapjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum. Boðið er uppá dag- og kvöldnáms, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Umsögn:
„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálastólaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnaldri, en þrátt fyrir það óðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni“.



Martha Jensdóttir
kennari.

Opið 8-22

Ferðamálastólaskóli Íslands

Ferðamálastólaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

Viltu léttast og styrkjast og losna úr vítahringnum?
Síðustu innritunardagar í TT!

TT námskeið

Innritun í síma 581 3730

Lengri námskeið - betra verð

TT tímar í boði:				
6:05	A	mán - mið - fös		Örfá pláss
7:20	C	mán - mið - fös		Örfá pláss
10:15	D	mán - mið - fös	Barnapössun	Örfá pláss
12:05	F	mán - mið - fös	Barnapössun	Örfá pláss
14:20	G	mán - mið - fim		Örfá pláss
16:40	H	mán - mið - fim	Barnapössun	Fullbókað
17:30	I	mán - mið - fim	Barnapössun	Örfá pláss
18:40	J	mán - mið - fim		Örfá pláss
18:35	TT3	mán, fyrir 14-25 ára. 70 mín		Örfá pláss
18:50	TT3	mið, fyrir 14-25 ára. 70 mín		Örfá pláss

Frá Toppi til Táar á Akranesi!

TT tímar í boði á Akranesi:				
6:05	S1	mán - mið - fös		Örfá pláss
17:30	S3	mán - mið - fim		Örfá pláss

Velkomin í okkar hóp!

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 25. ágúst kl. 16:30

Námskeiðum fylgir frjálst mæting í tækjasal

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar



KJARNAKONUR Elín Sif lengst til hægri ásamt Guðrúnu og Dóru Hrönn. Elín tók mótorkjörprófið í fyrra og ætlaði að sjá til hvort sportið ætti við hana. Eftir vel heppnaða dagsferð í sumar hefur hjólabakterían tekið sér bólfestu.

► KTM 250, og ætlaði að sjá til hvort hún myndi endast í sportinu. Nú segir hún að ekki verði aftur snúið, hjólabakterían hafi tekið sér bólfestu.

„Ég hafði ekki hugmynd um hvort ég myndi þora eða hvort mér myndi líka þetta yfirleitt. Ég þorði til dæmis ekki að setja hjólið í gang þegar ég fór að skoða það, sagði bara „flott“ og keypti það,“ rifjar Elín upp hlæjandi. „En þetta er alveg temmilegur kraftur fyrir mig, maður verður að þekkja sín takmörk.“

Elín segir upplifunina í mótorkjörferðum allt aðra en þegar ferðast er í bíl. Frelsstilfinningin sé engu lík. „Ég líki þessu meira við að fara í útreiðartúr en í bíltúr. Maður er svo miklu tengdari náttúrunni. Svo er auðvitað misjafnt hvernig fólk gerir þetta. Sumir keyra bara á fullu gasi og ná þá ekki að njóta umhverfisins en við vorum að stoppa og slappa af líka. Það keyrðu bara allir á sínum hraða. Þetta var ótrúlega gaman og við komum endurnærð til baka. Það er strax búið að plana næstu ferð að ári og þá ætlum við að gista. Komum börnunum bara aftur fyrir í pössun. Þetta er eitthvað sem við gerum bara saman hjónin,“ segir Elín.

■ heida@365.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir
Sölumenn: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434 Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447

FYRSTI RISASLAGUR TÍMABILSINS Í ENSKA BOLTANUM



TAUMLAUS GLEÐI

GLEÐIGJAFINN SIGGI HLÖ HELDUR UPPI
STUÐINU Á LAUGARDAGSKVÖLDUM

MÍÐVIKUDAGUR 21. ÁGÚST 2013
13. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



VEISTU

hver ég var?



NÝIR HEIMILDARÞÆTTIR

Oliver Stone varpar nýju
ljósi á söguna.



SÆLKERA FERÐIN

Vala Matt aftur á Stöð 2
með glænýja þætti.



BARA GRÍN

Farið verður yfir sögu
Vaktar-þáttanna.

krakkar

GULL

BÍÓ

POP
TIVI

SPORT

SPORT 2

FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD

ÓMISSANDI Í VIKUNNI



MISTRESSES
Miðvikudag
Kl. 21.30



BREAKING BAD
Fimmtudag
Kl. 22.10



BARA GRÍN
Föstudag
Kl. 20.15



VEISTU HVER ÉG VAR?
Laugardag
Kl. 19.40



THE KILLING – LOKAPÁTTUR
Sunnudag
Kl. 21.45



THE NEWSROOM
Mánudag
Kl. 21.25



ORANGE IS THE NEW BLACK
Þriðjudag
Kl. 21.00

UNTOLD HISTORY OF THE UNITED STATES kl. 22.15 mánudagar



Oliver Stone heimsækir Hírósíma og skoðar myndir af eyðileggingunni eftir kjarnorkusprengingarnar árið 1945. Í heimildarþáttunum Untold History of the United States er greint frá hugsanlegum ástæðum þess að sprengjunum var varpað á sínum tíma.

SAGAN ENDURSKRIFUÐ

Untold History of the United States er ný heimildarþáttaröð sem sýnd er á Stöð 2. Þar varpar bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Oliver Stone nýju ljósi á viðburði í sögu Bandaríkjanna.

Upplifun og vitneskja flestra Bandaríkjanna af sögu Bandaríkjanna er kolröng, að mati leikstjórans Olivers Stone. Hann hefur síðastliðin fimm ár unnið að heimildarþáttaröðinni Untold History of the United States þar sem hann dregur fram ný sönnunargögn sem varpa allt öðru ljósi á ýmsa viðburði í sögu Bandaríkjanna. Í þáttunum eru til dæmis teknar fyrir ástæður kalda stríðsins, ákvörðun Harry S. Truman um að varpa kjarnorkusprengjum á Japan og breyting á stöðu Bandaríkjanna eftir fall kommúnismans.

„Ég, eins og flestir aðrir landar mínir, ólst upp við að Bandaríkin gætu ekkert gert rangt. Við vinnum alltaf og höfum alltaf rétt fyrir okkur,“ segir Stone í nýlegu viðtali við tímaritið Guardian þar sem hann ræðir um þættina, sem þykja bæði framúrsteffulegir og ögrandi, líkt og mörg verka Stone. „Það var ekki fyrr en upp úr fertugu að ég vaknaði úr dáinu,“ lýsir Stone en honum blöskraði þegar hans eigin börn fóru að læra sömu útvötnuðu frægðarsögurnar og honum sjálfum höfðu verið kenndar.

Saga án sykurlúðar

Heimildarþáttaröðina vann Stone með sagnfræðingnum Peter Kuznick og var stefna þeirra að segja sögu Bandaríkjanna án sykurlúðar. Úr urðu tíu klukkutímalangir þættir auk 750 blaðsíðna bókar sem

gefin hefur verið út samhliða. Þættirnir eiga að leiðrétta nokkrar alvarlegar villur sem vaða uppi í sögu Bandaríkjanna.


„Til dæmis eru ástæðurnar sem gefnar eru um kjarnorkusprengingarnar í Japan bæði falskar og glæpsamlegar. Krökkum er kennt að Japanar hafi ekki ætlað að gefast upp og því hafi sprengjunum verið varpað til að hlífa lífi bandarískra hermanna sem annars hefðu þurft að gera innrás í landið. Þetta er algert rugl,“ segir

Stone með áherslu. Hann og Kuznick telja að ástæðan hafi verið allt önnur, enda hafi Bandaríkjamennt ekki verið tilbúnir til að ráðast inn í Japan nærri strax. Hin raunverulega ástæða fyrir kjarnorkusprengingunum hafi ekki verið að tryggja upp-gjöf Japana heldur að stugga við Stalín og sýna mátt og megin Bandaríkjanna. Stone telur að ef

sprengjunum hefði ekki verið varpað í ágúst 1945 af Bandaríkjamönnum hefði Rauði herinn gert innrás í Japan og það hafi Bandaríkjamönnum ekki hugnast.

Góðar viðtökur

Þættirnir og bókin hafa hlotið góða dóma þótt vissulega vilji nokkrir sagnfræðingar ekki kvitta fyrir nálgun Stone. Meðal þeirra sem eru ánægðir með söguskýringar Stones er Mikhail Gorbatsjev, fyrrverandi forseti Sovétríkjanna, sem gefur bókinni góða dóma.



UMDEILDUR LISTAMAÐUR


Oliver Stone er bandarískur leikstjóri, handritshöfundur, framleiðandi og fyrrverandi hermaður.

Hann fæddist í New York 1946. Hann skráði sig í herinn árið 1967 og barðist í Víetnamstríðinu í eitt ár. Hann særðist nokkrum sinnum og var sæmdur ýmsum orðum. Stríðið varð honum að yrkisefni margsinnis á ferlinum en Stone vakti mikla athygli fyrir kvikmyndir sínar um Víetnamstríðið; Platoon, Born on the Fourth of July og Heaven & Earth.

Stone hefur hlotið þrjár tilnefningar til Óskarsverðlauna fyrir myndirnar Midnight Express, Platoon og Born on the Fourth of July.

Bandarískur pólitík er Stone hugleikin sem sést hvað best í myndum á borð við JFK, Nixon og W, sem fjallar um George W. Bush.

Hann hefur einnig gert afar umdeildar myndir en þar ber hvað hæst Natural Born Killers, sem byggð er á handriti eftir Quentin Tarantino. Stone er umdeildur sjálfur. Skoðanir hans eru ráðamönnum í Bandaríkjunum ekki alltaf að skapi, enda hefur hann opinberlega stutt menn á borð við Julian Assange og Bradley Manning.



Lee Thompson Young
1. febrúar 1984 - 19. ágúst 2013

FALLINN FRÁ

Aðdáendum löggubáttanna Rizzoli & Isles barst harmafregnt í byrjun vikunnar þegar fréttist að Disney-stjarnan Lee Thompson Young hefði stýtt sér aldur.

Lögregla fann lík Lee á heimili hans í Norður-Hollywood eftir að leikarinn mætti ekki til vinnu við tökur á Rizzoli & Isles á mánudagsmorgun.

Í þáttunum lék Lee teprulega nýliðann Barry Frost sem var glúrin á tölvur. Samstarfsfólk Lee ber honum vel söguna og segir hann hafa

verið stórkostlegan leikara en einnig góðhjartaðan, örlátan og vel gefinn einstakling sem verði sárt saknað.

Í einkalífinu var Lee haldinn ferðabakteríu, stundaði bardagalist og ljósmyndun. Tíu ára gamall fékk hann löngun til að leggja leiklistina fyrir sig eftir að hafa leikið Martin Luther King á unga aldri. Seinna lék Lee meðal annars í þáttunum The Famous Jett Jackson, The Guardian, Scrubs og Smallville.



HRÆDD UM AÐ KJAFTA FRÁ

BROADCHURCH
Sunnudaga kl. 20.55

Olivia Colman fæddist í Norfolk á Englandi árið 1974. Hún stefndi lengi vel á að verða barnaskólakennari. Meðan hún stundaði nám í Cambridge kynntist hún félögum David Mitchell og Robert Webb, sem margir þekkja sem tvíeykið Mitchell og Webb. Þau voru öll í leikfélagi skólans, Footlights, og í kjölfarið skipti Olivia úr kennaranáminu yfir í leiklistarnám. Hún vann náðið með tvíeykinu í mörgum af þeirra verkefnum, bæði í útvarpi og sjónvarpi, til dæmis útvarpsþáttunum That Mitchell and Webb Sound og sjónvarpsþáttunum That Mitchell and Webb Look. Hún tók þátt í fleiri verkefnum með þeim en ákvað að segja

skilið við þættina því henni fannst hún vera orðin of nátengd tvíeykinu. Hún hefur komið fram í fjölda breskra sjónvarpsþátta, til dæmis The Office, People Like Us, Bruiser, Black Books og Look Around You. Um þessar mundir er Olivia Colman fastagestur á heimilum áskrifenda Stöðvar 2, því hún fer með eitt aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttaröðinni Broadchurch. Þættirnir fjalla um rannsókn á dularfullu andláti ungs drengs í smábæ í Bretlandi. Í viðtali við The Guardian í maí síðastliðnum sagðist hún eiga í miklum erfiðleikum með að halda því leyndu hver væri morðinginn. Hún sagðist ekki lengur geta ferðast með almenningssamgöngum því fólk kæmi í sífellu upp að henni og spyrði hana hver væri hinn seki. Og hún væri hreinlega hrædd um að missa það út úr sér. Hún bætti því við að hún væri alfaríð hætt að fara út á lífið. „Þá myndi ég klúðra því samstundis. Fólk þyrfti ekki meira en að horfa á mig og ég myndi segja þeim hver það væri,“ sagði leikkonan eldhressa.

NÝIR DÓMARAR

Þriðja þáttaröðin af X-Factor er á leið í loftið. Simon Cowell, forsprakki þáttanna, sest sem fyrr í dómarsæti en honum til halds og trausts verður ungstirnið Demi Lovato, líkt og í fyrra. Britney Spears, sem einnig sat í dómarsæti í fyrra, yfirgefur þáttinn og ætlar að einbeita sér að upptökum á áttundu hljóðversplötu sinni.

Nýir dómamarar eru Kelly Rowland, sem var dómari í áttundu seríu hinnar bresku útgáfu þáttanna, og mexíkóska söng- og leikkonan Paulina Rubio.

X-Factor verður aðgengilegur öllum áskrifendum Stöðvar 2 sólarhring á eftir frumsýningu í Bandaríkjunum.

Þættirnir eru sýndir á mið-

vikudögum og fimmtudögum í Bandaríkjunum en á fimmtudegi og föstudegi hér á landi.



FALDAR MATARPERLUR

Vala Matt leggur land undir fót og leitar uppi góðan mat í þáttunum Sælkeriferð um Ísland með Völu Matt sem hefja göngu sína á Stöð 2 fimmtudaginn 12. september.

„Við erum að fara hringinn um landið og leita uppi faldar perlur þar sem boðið er upp á besta íslenska matinn sem finnst,“ segir sjónvarpskonan Vala Matt þegar næst í hana í síma á ferðinni.

„Við erum á Snæfellsnesinu núna. Þetta er ótrúlega skemmtilegt og alveg með ólíkindum hvað það er mikil gróska í gangi og mikið til af stöðum þar sem verið er að bjóða upp á glænýjan fisk beint úr bátunum og svo auðvitað dýrindis lambakjöt beint ofan af fjalli, að ekki sé minnst á allt grænmetið sem verið er að rækta,“ segir Vala.

„Við heimsækjum bæði veitingastaði og litla framleiðendur. Erum búin að fara Norðurlandið og förum á Austfirði á næstu dögum og svo á Vestfirðina.“

Vala er ekki með öllu ókunn umfjöllun um góðan mat þótt flestir þekki hana af heimsóknum hennar inn á smekkleig heimili. Hún segist mikill sælkeri sjálf og sprettur hugmyndin að þáttunum upp úr bók þar sem Vala tók saman helstu sælkerastaði á landinu.

„Að leita uppi góðan mat er mín ástríða og það sem mér finnst skemmtilegast sjálfri við ferðalög, innanlands sem utan. Ég hafði fundið flesta staðina allan hringinn þegar ég vann bókina og fann svo fleiri til. Við höfum fengið frábærar móttökur alls staðar. Bæði er dásamlegt að keyra hringinn og upplifa landið og veðurblíðuna en ekki síður koma á staði sem ég hef ekki heimsótt áður, lítil þorp og sveitabæi. Þetta er hreint ævintýri þar sem ég er borgarabarn í húð og hár. En þess vegna nýt ég þess kannski enn þá betur þegar ég er komin út í náttúruna.“

Í þáttunum heimsækir Vala meðal annars Þóru Sigurðardóttur á Húsavík, þar sem hún rekur veitingastaðinn Pallinn, og bóndann í Lónkoti, sem ténir blóm og jurtir kringum bæinn í matreiðsluna. „Mér finnst áberandi hvað það er mikil tenging við náttúruna og landsbyggðina hjá ungu kynslóðinni,“ segir Vala. „Við heimsækjum margt ungt fólk sem hefur leitað aftur í heimahagana eftir að hafa búið í Reykjavík eða erlendis árum saman og sækir aftur í þetta ferska hráefni sem við eigum hér á Íslandi. Við skoðum staðina og kynnumst viðmælendum sem svo búa til einn dásamlegan rétt í lok þáttar. Þannig fáum við alls konar hugmyndir og lærum ný trikk í eldhúsinu, sem mér finnst alltaf svo æðislega gaman.“



Vala Matt sjónvarpskona



HÖRKUSPENNA FRÁ UPPHAFI

The Blacklist eru bandarískir dramabættir sem hefja göngu sína á sjónvarpsstöðinni NBC 23. september og verða sýndir beint í kjölfarið á Stöð 2. Þáttanna er beðið með mikilli eftirvæntingu þar ytra og eru af mörgum taldir einhverjir mest spennandi dramabættir sem í boði verða á komandi vetri.

Í The Blacklist sýnir leikarinn James Spader á sér nýja hlið í hlutverki Raymonds „Red“ Reddington, eins eftirlýstasta glæpamanns heims. Reddington gefur sig fram í höfuðstöðvum FBI í Washington og heldur því fram að hann og alríkislögreglan hafi sama áhuga og markmið; að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn. Reddington er tilbúinn að veita mikilvægar upplýsingar en vill eingöngu opna sig við nýliðann Elizabeth Keen.

Eftir að hafa leitt lögregluna á rétt spor og hjálpað til við að klófesta hryðjuverkamann upplýsir Reddington að hann sé aðeins einn af mörgum sem hann hafi upplýsingar um því síðustu tvo áratugi hafi hann safnað nöfnum á svartan lista. Nöfnum stórhættulegra glæpamanna sem FBI hafi ekki einu sinni hugmynd um að séu til.



HÉLT NIÐRI Í SÉR HLÁTRINUM

BARA GRÍN
Kl. 20.15 Föstudaga

Í næsta þætti Bara grín verður farið yfir sögu Vaktar-seríanna sem innihéldu bæði húnur og dramatík. Pétur Jóhann Sigfússon, sem fór með hlutverk hins óborganlega bensínafgreiðslumanns Ólafs Ragnars, segir dramatík alltaf svolítið myndna.

„Vinsældir þáttanna komu mér ekki á óvart. Að þeim stóð hópur skemmtilegs fólks og þau gátu bara ekki klikkað,“ segir Pétur, sem er enn í nánu sambandi við Ólaf Ragnar.

„Mér þykir sérstaklega vænt um Ólaf Ragnar því persónan stendur nærri mér. Í henni er mikið af sjálfum mér og því er

alltaf stutt í Ólaf,“ segir Pétur og brosir góðlátlega.

Pétur veft tunga um tönn þegar hann er spurður út í myndasta atriðið úr Vaktar-seríunum.

„Ætli það sé ekki atriðið þegar Georg Bjarnfredarson kom úr kröfugöngu 1. maí. Þá spurði Ólafur hvernig hefði verið í skrudgöngunni. Senan sem kemur á eftir, þegar Georg útskýrir muninn á skrudgöngu og kröfugöngu, var óborganleg og svo vel gerð. Það gerðist svo vissulega margt myndi við tókur á Vaktinni en við vorum nógu miklir fagmenn til að halda niðri í okkur hlátrinum.“

GLEÐIN HEL

Stuð og léttleiki ráða ríkjum á Stöð 2 á laugardagskvöldum þegar S...
Næsta laugardag mætast lið útvarpsstöðvanna Bylgjunnar og Rása...

VEISTU HVER ÉG VAR
Kl. 19.40 Laugardaga

Nýr þáttur Sigga Hlö, Veistu hver ég var?, hóf göngu sína síðasta laugardag og sló heldur betur í gegn. Þar fær gleðigjafinn Sigi Hlö tvö lið í heimsókn sem keppa í léttari og skemmtilegri spurningakeppni um eitfírtímabilið. Í næsta þætti mætast lið frá útvarpsstöðvunum Bylgjunnar og Rás 2. Útvarpsmaðurinn góðkunnur Ívar Guðmundsson fer fyrir liði Bylgjunnar en með honum eru Bragi Guðmundsson og Jóhann Örn Ólafsson. Ívar segir að það

hafi verið mjög gaman að taka þátt í þættinum og ekki hafi verið síður skemmtilegt að hitta kollegana frá Rás 2. „Þessi þáttur er skemmtilega settur upp og Sigi blandar saman ólíkum atriðum. Ég verð nú að viðurkenna að ég mundi ekki eins mikið og ég vonaðist eftir. Liðsfélagar mínir, Bragi og Jóhann, stóðu sig þó vel. Bragi er ótrúlega góður í að muna eftir öllu sem tengist þessu tímabili og Jóhann er frægur fyrir að vera skemmtilegur stuðbolti sem er með allt á hreinu sem viðkemur dansi.“

Á árunum 1980-1990 starfaði Ívar

lengstum sem plötusn... skemmtistöðum bæjar... að vinna sem plötusn... í Fellahelli. Ég á eldri... diskótímabilið og eitf... í gegnum hann. Síðar... plötusnúður á fyrsta... staðnum hérlandis, Vi... Það var mjög skemmt... var ekki fyrr en árið... störf í útvarpi á FM 9...

Ívar segir þetta haf... legan tíma en að vissu... því lítið var um frjál...



VERÐUR ÁFRAM

Siggi Hlö mætir í hús með þáttinn sinn „Veistu hver ég var?“
á Stöð 2 í skemmtilegri keppni.

úður á ýmsum
rins. „Ég byrjaði
úður 13 ára gamall
bróður og drakk
stímabilið í mig
hóf ég störf sem
unglingaskemmti-
llta tryllta Villa.
ilegt tímabil en það
1989 sem ég hóf
57.“

ta verið skemmti-
n leyti óvenjulegan
ar útvarpsstöðvar.

„Í raun voru það diskótekin og dansstað-
irnin sem áttu stærstan þátt í vinsæld-
um laganna. Um svipað leyti kemur svo
myndbandabylgjan og þar kemur tískan í
gegn sem við sáum svo síðar á skemmti-
stöðum eins og Hollywood og Klúbbnum.
Það var því mikil gerjun á þessum tíma
en það voru ekki fjölmiðlar sem leiddu
hana. Tónlistin var mjög fjölbreytt, popp,
rokk og diskó, og margir staðir blönduðu
þessu öllu saman.“

Sjálfur segist Ívar hafa verið alæta á
tónlist á þessum tíma. „Ég var alls ekki
fastur í einhverri einni tónlistarstefnu

á þessum tíma. Ég hlustaði hins vegar
mikið á Kanaúttvarpið og reyndi að læra
af því. Mér finnst tónlist þessa tímabils
hafa elst misvel en margt efni lifa furðu
góðu lífi. Auðvitað hefur ýmislegt elst
illa, þá helst tölvupoppið sem var svo-
lítið barn síns tíma. En það er svo skrítið
hvernig þetta fer allt í hringi. Þegar ég
byrjaði sem diskótekari komu fram lög
sem voru endurgerðir á lögum frá 1960
en í dag erum við að fá endurgerðir af
lögum frá 1980.“

Veistu hver ég var? er á dagskrá næsta
laugardag á Stöð 2 kl. 19.40.



BIKARÚRSLITALEIK- URINN HJÁ STELP- UNUM Í BEINNI

Það er mikil íþróttahelgi
fram undan á Stöð 2 Sport og
Sport 2. Á laugardag fer fram
úrslitaleikurinn í Borgunar-
bikarkeppni kvenna og hefst
bein útsending á Stöð 2 Sport
klukkan 15.30.

Það eru Breiðablik og Þór/
KA sem mætast í úrslita-
leiknum á Laugardalsvelli en
liðin skildu jöfn, 1-1, þegar
þau mættust í Pepsi-deild
kvenna á Akureyri fyrr í
sumar. Breiðablik hefur átt

gott sumar og er í þriðja sæti
deildarinnar með 25 stig eftir
12 leiki en Þór/KA, sem varð
Íslandsmeistari sl. sumar, er
í sjötta sæti með 17 stig eftir
13 leiki.

Breiðablik varð síðast bikar-
meistari í kvennaflokki árið
2005 en þetta er í fyrsta sinn
sem sameiginlegt lið Þórs og
KA leikur til úrslita. Það má
því búast við fjörugum úrslita-
leik þar sem bæði lið leggja
allt í sölurnar til að sigra.



VERÐUR ROONEY MEÐ MAN UTD Á OLD TRAFFORD?

Englandsmeistarar Manchester United taka á móti Chelsea í
fyrsta stórleik tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn
fer fram á mánudagskvöld og verður sýndur í beinni útsend-
ingu á Stöð 2 Sport 2.

Flestir eru sammála um að United og Chelsea muni berjast
um titilinn á ný en bæði lið byrjuðu tímabilið vel. United lagði
Swansea í fyrstu umferðinni og Chelsea átti ekki í vandræð-
um með nýliða Hull City. United leikur nú undir stjórn Davids
Moyes og þetta er fyrsti heimaleikur liðsins í deildinni undir
hans stjórn. Portúgalinn Jose Mourinho tók við liði Chelsea
í sumar eftir sex ára fjarveru en hann leiddi liðið til sigurs í
deildinni bæði 2005 og 2006.

Mikið hefur verið rætt og ritað um framtíð Waynes Rooney,
framherja Manchester United, sem hefur verið ósáttur í her-
búðum liðsins að undanfögnu. Chelsea hefur lýst því yfir að
félagið vilji kaupa Rooney en United segir hann ekki til sölu.
Það bíða því margir spenntir eftir að sjá hvort Rooney leik-
ur með United á Old Trafford, eða verður ef til vill kominn í
Chelsea treyju.

MYNDIR HELGARINNAR

EVERYTHING MUST GO Kl. 20.45 Föstudagur

Will Ferrell er hér í hlutverki alkóhólista sem búinn er að brenna allar brýr að baki sér. Hann bregður á það ráð að halda bílskúrssölu og selja þar allt sitt hafurtask.



AFTER.LIFE Kl. 22.25 Föstudagur

Skilin milli lífs og dauða eru ekki alltaf alveg skýr. Mögnuð hrollvekja með Liam Neeson og Christinu Ricci í aðalhlutverkum.



10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur

Pelican Brief


Spennumynd byggð á sögu eftir John Grisham með stórléikurunum Denzel Washington, Jülü Roberts og Sam Shephard í aðalhlutverkum.



Fimmtudagur

Bridesmaids

Fersk, frumleg og brjálæðislega myndin gamanmynd um einhvern skrautlegasta brúðkaupsundirbúning sem sögur fara af.



Laugardagur

X-Men: First Class

Fjórða myndin um hina ótrúlegu X-Men. Hér er sjónum beint að upphafi sögunnar, hvernig leiðir þeirra prófessors X og Magneto lágu fyrst saman.



Föstudagur

Friends With Benefits


Mila Kunis og Justin Timberlake í hlutverkum vina sem ætla sér að afsanna kenninguna um að vinir geti ekki sofið saman án vandræða.



Sunnudagur

127 Hours

James Franco var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í þessari sannsögulegu mynd, sem segir frá ótrúlegri sögu Arons Ralston sem lendir í sjálfheldu aleinni í óbyggðunum.



Mánudagur

Sherlock Holmes: A Game of Shadows

Robert Downey Jr., Noor Rapace og Jude Law í stórgóðri framhaldsmynd um ævintýri þekktasta einkaspæjara heims.



Þriðjudagur

Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides

Jack Sparrow snýr aftur og þarf nú að berjast við kollega sinn Svartskegg og dóttur hans. Johnny Depp og Penelope Cruz í aðalhlutverkum.

Tvær nýjar Disney-stöðvar

Fjölvarp 365 miðla mun taka stórfelldum breytingum á næstu vikum. Margar nýjar sjónvarpsstöðvar, sem ekki hafa sést áður á Íslandi, verða aðgengilegar. Evrópskar kvikmyndir og sjónvarpsþættir, tónlistarviðburðir og íþróttæfni munu fylla stofur landsmanna

og verða þessum stórfelldu breytingum gerð veruleg skil á næstunni.

Þá er að hefjast dreifing á tveimur nýjum sjónvarpsrásum frá Disney. Þær eru Disney

Junior, sem sérhæfir sig í efni fyrir yngri börn og eru þættir

eins og Doctor McStuffins og Small Einsteins á meðal dag-skrárliða. Þá er Disney XD væntanleg en myndefnið þar er ætlað krökkum á aldrinum 4-10 ára. Vinsælasta mynd-

efnið þar er Phineas & Ferb og Spiderman. Disney Channel er svo fyrir á Fjölvarpinu. Það er því séð fyrir áhorfsþörf barna jafnt sem unglinga á heimilinu.



VILD er snilld

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á www.stod2.is/vild

ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

LADDI LENGIR LÍFIÐ

30% AFSLÁTTUR



30% afsláttur á Ladda í Hörpu. Gildir á allar sýningar í sölu fram að fyrstu sýningu haustsins, þann 7. september.



20% AFSLÁTTUR



20% afsláttur af öllum námskeiðum sem hefjast 19. september. Aðalkennari er Kameron Bink úr So You Think You Can Dance.



Eirberg

BAUERFEIND®



Ökklaflíf - Malleotrain®

- Góður stuðningur við ökklaðið
- Dregur úr verkjum og bólgu
- Hentar vel eftir tognanir, fyrir óstöðuga ökkla og við sliti í ökklaðið



Hnéhlíf - Genutrain®

- Einstakur stuðningur við hnéliðinn og hnéskelina
- Dregur úr verkjum og bólgu
- Hentar meðal annars við álagseinkennum, liðþófavandamálum, tognunum og sliti

HLAUGHTU LENGRA

með Bauerfeind stuðningshlífum



Hlaupasokkar

- Veita góðan þrýsting við ökkla og kálfa
- Minnka þreytuverki í kálfum
- Auka blóðflæði og súrefnisupptöku
- Minnka hættu á blöðrum og núningi



Hásinahlíf - Acillotrain®

- Hentar vel við hásinavandamálum
- Gelpúði sem liggur eftir sininni örvar blóðflæði og dregur úr bólgu
- Upphækkun undir hælnum sem minnkar álag á hásinina



Panasonic



ALLT SEM ÞÚ ELSKAR Á EINUM STAÐ



NÝTT SMART VIERA MEÐ PERSÓNULEGUM HEIMASKJÁ. SMART TV SJÓNVARP GERT EINFALT.

Með nýja Smart VIERA sjónvarpinu opnar þú á einum stað allt það besta sem sjónvarp og netið hafa uppá að bjóða, og gerir þér kleift að setja upp þinn eigin heimaskjá, uppsettan með þínum uppáhalds öppum, valmöguleikum og þjónustu.

Vitræn og notendavæn hönnun gerir þér kleift að stjórna Smart VIERA sjónvarpinu með einföldum raddskipunum og físléttum Swipe & Share skipunum með snjallsíma eða spjaldtölvu.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

SMARTVIERA



NÆSTU VIÐBURÐIR KIRKJULISTAHÁTÍÐAR:

MIÐVIKUDAGUR 21. ÁGÚST



Schola cantorum

Kl. 12.00

Hádegistónleikar Schola cantorum

Á þessum síðustu hádegistónleikum Schola cantorum í sumar verða flutt verk eftir Arvo Pärt, William Byrd og íslensk tónskáld.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Miðaverð: 2.000 kr. (Hálfvirði fyrir námsmenn).

Miðasala við innganginn.

SUDOKU

		2	4	1			8	6	
5			3	7	8		9		
4				9	7				
	4							8	
		7	8			9			
		5					3		
	8	3	7				1	2	
1	6	2	3	4			7		
2			1					6	

LÉTT

				3		5	8	1	
6			7						
8	4		9	2	3				
4					6		7	9	
			2			4		3	
9	1			4		2			
	8	4	6				9		
2	6								

MIDLUNGS

			7	9	6				5
	5								6
3	4								8
1	4								5
									9
	8		1	4					
2						9			8
			7					1	3
3	1		5		2	7			

PUNG

9	5	3	1	7	2	8	6	4	
4	2	6	9	3	8	7	1	5	
7	1	8	5	4	6	9	2	3	
1	4	7	2	5	9	3	8	6	
8	9	5	3	6	7	1	4	2	
3	6	2	8	1	4	5	7	9	
2	3	9	6	8	1	4	5	7	
5	7	1	4	2	3	6	9	8	
6	8	4	7	9	5	2	3	1	

1	9	7	4	2	5	3	8	6	
2	3	4	6	8	7	9	1	5	
5	8	6	9	1	3	2	4	7	
4	6	1	2	5	8	7	9	3	
3	5	9	1	7	6	4	2	8	
7	2	8	3	9	4	5	6	1	
6	7	2	5	4	1	8	3	9	
8	4	3	7	6	9	1	5	2	
9	1	5	8	3	2	6	7	4	

2	1	6	5	3	8	7	4	9	
8	3	7	4	9	6	2	5	1	
4	5	9	1	7	2	6	3	8	
3	9	5	6	8	1	4	7	2	
6	8	1	7	2	4	5	9	3	
7	2	4	3	5	9	8	1	6	
9	4	3	8	6	5	1	2	7	
5	6	2	9	1	7	3	8	4	
1	7	8	2	4	3	9	6	5	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS



Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kl. 20.00

Heyr, himnasmiður Sálmarnir hans Þorkels

Sigurður Flosason (saxófónar) og Gunnar Gunnarsson (orgel) spinna jazzvef um sálmalög Þorkels Sigurbjörnssonar.


Tónleikarnir eru í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur.

Miðaverð: 2.500 kr. (Hálfvirði fyrir námsmenn).



Þorkell Sigurbjörnsson

FIMMTUDAGUR 22. ÁGÚST



Stephen Burns

Baldvin Ólafsson

Kl. 20.00

Kvöld trompetanna

Hátíðarhljómar á Kirkjulistahátíð - Trompet og orgel

Verðlaunatrompetleikarinn Stephen Burns (Chicago), Douglas Cleveland orgel (Seattle) og ungstjarnan Baldvin Oddsson trompet.

Á efnisskránni er Telemann, Konsert fyrir tvo trompeta eftir Vivaldi o.fl.

Miðaverð: 2.500 kr. (Hálfvirði fyrir námsmenn).



Ari Bragi Kárason

Eyþór Gunnarsson

Kl. 22.00

Hin hliðin - Jazztónleikar

Ari Bragi Kárason (trompet) og Eyþór Gunnarsson (píanó) leiða saman hesta sína. Tónleikarnir eru í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur.

Miðaverð: 2.000 kr. (Hálfvirði fyrir námsmenn).

Miðasala í Hallgrímskirkju sími 510 1000 og á midi.is

Nánari upplýsingar á kirkjulistahatid.is

SPAKMÆLI DAGSINS

Sá sem er hamingjusamur getur aldrei farið of snemma á fætur.

Kamilla Collett

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. eldur, 6. pot, 8. ásamt, 9. flík, 11. í röð, 12. sljóvga, 14. efsti hluti fráeva, 16. tveir eins, 17. læsing, 18. bjálki, 20. 950, 21. ættgöfgi.

LÓÐRÉTT

1. hróss, 3. umhverfis, 4. verkfæri, 5. sveig, 7. raddbönd, 10. skír, 13. kjökur, 15. stefna, 16. frændbálkur, 19. pfn.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. funi, 6. ót, 8. með, 9. fát, 11. tu, 12. slæva, 14. fráevi, 16. sæe, 17. lás, 18. tré, 20. lm, 21. tígn.
LÓÐRÉTT: 1. lofs, 3. um, 4. netanál, 5. öu, 7. talfræmi, 10. tær, 13. væl, 15. smi, 19. ætt, 19. ætt, 19. ætt.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Gata Kamsky (2763) vann Aserann Mamedyarov (2761) í fyrri skák þeirra á Heimsbikarmótinu í skák sem teifld var í gær.

Hvítur á leik



28. De3! h5 (ef 28...Bxh4 þá vinnur 29. Dd4+ Kh6 30. Dxh4+ Kg7 31. Df6+ Kh6 32. Hf4!) 29. Dd4+ Kh6 30. Hxh5+ Svartur gafst upp enda mátt í nokkrum leikjum eftir 30...Kxh5 31. Dg7!
www.skak.is 16 manna úrslit halda áfram í dag.

HAGKAUP STYÐUR NÁMSMENN

Skólavara er nauðsynjavara!

TAX FREE

DAGAR

Ritföng og skólatöskur án
virðisaukaskatts* dagana 20.-21. ágúst

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
*Jafngildir 20.32% verðlækkun

Gildir miðvikudag 21. ágúst.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Skáldin sigla

Skáldlegar siglingar um Sundin á menningarnótt.

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Reykjavík by Boat bjóða upp á skáldlegar siglingar um Sundin á menningarnótt.

Sigt verður á bátnum Lunda, fallegum uppgerðum trébát, frá smábátahöfninni við Ingólfsgarð fyrir aftan Hörpu og lítill hringur farinn út að Laugarnesi, meðfram Engey og svo aftur að Hörpu undir lestri skáldanna. Siglingarnar eru fjórar yfir daginn og tekur hver um sig um það bil klukkutíma. Í tveimur fyrstu ferðunum, sem lagt er upp í klukkan 15 og 17, munu Sigrún og Þórarinn Eldjárn spjalla og lesa ljóð og sögubrot.

Síðari tveimur ferðunum, sem



SKÁLDÞórarinn Eldjárn, Sigurbjörg Prastardóttir og Sigurður Pálsson máta sig við bátinn.

lagt er upp í klukkan 19 og 21, stýra Sigurbjörg Prastardóttir og Sigurður Pálsson og munu þau lesa ljóð eftir sig og aðra.

Lundi tekur 35 farþega og er því um að gera að mæta tímanlega.

-gun



RAGNHEIÐUR Þóra Einarsdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson í hlutverkum Ragnheiðar Brynjólfsdóttur og Daða Halldórsdóttur í Ragnheiði.

MYND/GRÍMUR BJARNASON

Tónleikagestir grétu

ÓPERA ★★★★★

Ragnheiður

Ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson.

FRUMFLUTT Í SKÁLHOLTSKIRKJU FÖSTUDAGINN 16. ÁGÚST.

EINSÖNGVARAR: ÞÓRA EINARSDÓTTIR, EYJÓLFUR EYJÓLFSSON, VIÐAR GUNNARSSON, JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON, ALINA DUBIK, BERGPÓR PÁLSSON, GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR, JÓHANN KRISTINSSON, BJÖRN INGIBERG JÓNSSON.

Fyrir nokkrum árum síðan heyrði ég stórt trúarlegt verk, svokallaða Brynjólfsmessu, eftir Gunnar Þórðarson. Gunnar er auðvitað landsþekktur lagahöfundur en þetta var – að því er ég held – í fyrsta sinn sem ég hlýddi á „klassíska“ tónsmíð eftir hann. Ég man að mér fannst messan bara í meðallagi góð, taldi tónmálið vera of einfalt fyrir svo viðamiklú verk. Auk þess voru klisjur úr kvikmyndatónlist býsna áberandi.

Það er mér mikið gleðiefni að segja frá því að Gunnar hefur vaxið gríðarlega sem tónskáld síðan hann samdi messuna. Á föstudagskvöldið var frumflutt í Skálholtskirkju í konsertuppfærslu án sviðsetningar heil ópera eftir hann, en Friðrik Erlingsson samdi textann. Óperan heitir Ragnheiður eftir dóttur Brynjólfs Sveinssonar (1605-1675), biskups í Skálholti. Umfjöllunarefnið var ástarsamband Ragnheiðar við Daða nokkurn Halldórsdóttur. Daði, sem var kennari, þótti ekki biskupsdótturinni samboðinn en engu að síður eignuðust þau barn saman. Fyrir skírliðsbrotið var Ragnheiði refs-

að grimmilega og var opinberlega niðurlægð. Faðir hennar spilaði þar stórt hlutverk. Staða hans sem biskups var honum mikilvægari en að styðja við bak dóttur sinnar. Ragnheiður dó nokkru síðar og barnið varð ekki heldur gamalt. Brynjólfur stóð þá uppi einn og yfirgefinn, og iðraðist mjög gjörða sinna.

Tónlist Gunnars var í síðrómantískum stíl, en það er tónmál sem allir skilja. Maður sem velur sér slíkan stíl er býsna berskjaldaður. Samanburðurinn við Verdi og Puccini er svo augljós. Það er til marks um snilld Gunnars að óperan hans var á engan hátt stæling. Laglínurnar voru einfaldlega of innblásnar. Hljómagangurinn var líka skemmtilega fjölbreyttur, ekkert sem var endurtekningarsamt eða langdregið. Þvert á móti var flæðið alveg óheft. Framvindan í tónlistinni var hröð og spennuþrungin, með dramatískum hápunktum sem svínvirkuðu. Hljómsveitarröddunin var líka prýðileg. Heildarhljómurinn var í góðu jafnvægi, notkun mismunandi hljóðfærahópa var ávallt smekklegr og vel útfærð.

